

# **Umsögn dómnefndar**

**skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla  
um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara  
sem auglýst var laust til umsóknar 18. febrúar 2011**

**Reykjavík 27. apríl 2011**

## 1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Á fundi dómnefndar 16. mars 2011 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um þrjú embætti hæstaréttardómara sem auglýst voru laus til umsóknar 18. febrúar 2011 í Lögbirtingablaði. Um embættin sóttu þau Benedikt Bogason dómstjóri, Eiríkur Tómasson prófessor, Gréta Baldursdóttir héraðsdómari, Helgi I. Jónsson dómstjóri, Jónas Jóhannsson héraðsdómari, Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson dómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg. Jónas Jóhannsson dró umsókn sína til baka með bréfi 15. apríl 2011. Hið sama gerði Sigrún Guðmundsdóttir með bréfi 18. apríl 2011. Umsögn dómnefndarinnar um aðra umsækjendur fer hér á eftir.

## 2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta dómsmálaráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti hæstaréttardómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra

dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 um dómstóla kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Dómsmála- og mannréttindaráðherra setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

*Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.*

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnáslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan.

Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf sem laust er til umsóknar standa opið jafnt konum og körlum. Í 1. mgr. 24. gr. laganna er kveðið svo á að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil.

Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. sömu laga telst það bein mismunun þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð en annar af gagnstæðu kyni við sambærilegar aðstæður. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. sömu laga telst það á hinn bóginn óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Í 1. mgr. 26. gr. laganna er síðan enn áréttað að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kyns. Sama gildir um stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, símenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði starfsmanna.

Þá ber þess að geta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítil, nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf, ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir, og karlmaður, sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma Hæstaréttar H 1993:2230, H 1996:3760, H 1998:3599 og H 2006:4891. Á þetta sjónarmið reynir að mati nefndarinnar við ákvörðun ráðherra hafi nefndin metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa.

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

### **3. Um málsmeðferð dómnefndarinnar**

Hinn 23. mars 2011 ritaði dómnefndin umsækjendum bréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi

dómnefndarmanna og þeim er heldur ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi dómnefndarmanna í máli þessu.

Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið gerði formanni dómnefndar kleift að fara til Noregs til að kynna sér störf hinnar norsku dómnefndar um dómastörf. Ákvað dómnefndin í framhaldinu að breyta verklagi sínu og hafa m.a. viðtöl við umsækjendur svo og aðra sem gætu veitt umsögn um hæfni þeirra. Þá ákvað nefndin að óska eftir því við ráðherra að í umsókn yrði áskilið að umsækjendur legðu fram ítarlegri gögn um starfsferil sinn en áður hafði verið.

Dómnefndin átti viðtöl við umsækjendur dagana 5. og 6. apríl 2011.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a dómstólalaga, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis hafði dómnefndin viðtöl við þá, sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um það sem fært hafði verið til bókar um viðtölin og til greina kom að nota við úrlausn málsins.

Tveir af sex umsækjendum hafa áður verið metnir af dómnefndinni í umsögn hennar frá 29. ágúst 2010. Þessir umsækjendur hafa nú sent inn ítarlegri umsókn og veitt mun nákvæmari upplýsingar um feril sinn en þeir gerðu þá og hefur verið tekið tillit til þess.

Eins og áður segir fór Innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefndina 16. mars 2011 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjanda um embætti hæstaréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar 18. febrúar 2011 í Lögbirtingablaði. Hinn sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, reiknast því frá 17. mars 2008 og til 28. apríl 2011.

#### 4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágríp um menntun og reynslu umsækjenda en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem reifuð voru í kafla 2.

*Benedikt Bogason* er fæddur 30. mars 1965 og er því 46 ára. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð vorið 1985 og embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1990 með I. einkunn. Að loknu embættisprófi hóf hann störf sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði og gegndi þeim til 1. júlí 1992 þegar hann varð fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og starfaði þar til 4. desember það ár. Undir árslok það ár hóf hann störf sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness og var skipaður í þá stöðu 31. maí 1995. Því starfi gegndi hann til 31. ágúst 1995. Hann fékk leyfi frá störfum við dóminn í árslok 1993 og starfaði þá um tveggja mánaða skeið hjá umboðsmanni Alþingis. Frá árinu 1995 - 1997 var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Á árunum 1997 - 2001 var hann skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stýrði lagaskrifstofu ráðuneytisins. Hinn 1. júlí 2001 var hann skipaður héraðsdómari og frá 1. desember 2003 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Hann hefur tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í 23 málum. Hann hefur einnig verið varadómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg frá 1. júlí 2007. Þá var hann kjörinn varadómari í Landsdómi af lagadeild Háskóla Íslands 12. október 2010 og hefur tekið sæti í dóminum. Benedikt hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands samfelld frá haustmíssi 1993. Hann var ráðinn aðjúkt við deildina frá 1998, lektor í hlutastarf 2002, og frá 2005 hefur hann verið í hálfu starfi sem dósent við deildina. Kennslugreinar hans hafa verið á sviði kröfuréttar og réttarfars í grunnnámi, auk þess sem hann hefur kennt kjörgreinar á þeim réttarsviðum í framhaldsnámi. Frá árinu 2003 hefur hann haft umsjón með kjörgreinum í fullnusturéttarfari og skuldaskilarétti, auk þess sem hann kenndi reglur um kröfuábyrgðir í kjörgreinum á árunum 1995 - 2008. Þá hefur hann verið leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun kandidats- og meistaraaritgerða. Hann kenndi í nokkur skipti á árunum 1996 - 2002 á námskeiðum fyrir lögfræðinga um reglur um kröfuábyrgðir og á námskeiðum til

undirbúnings fyrir þá sem þreyttu próf til að öðlast starfsréttindi sem verðbréfamiðlarar á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Benedikt hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum á sviði réttarfars, refsiréttar, fjármunaréttar og barnaverndar. Hann var skipaður formaður nefndar samkvæmt lögum nr. 65/1996 um greiðsluaðlögun frá 1996 - 1998. Hann var einnig skipaður í norræna nefnd sérfræðinga 2010 til að fjalla um hvort efni væru til að gera norrænan samning um skuldaaðlögun. Frá árinu 1997 hefur hann verið ritari réttarfarsnefndar. Hann hefur átt sæti í dómstólaráði frá 2007. Í apríl 2010 var hann skipaður af dómsmálaráðherra í starfshóp til að gera tillögur að breytingum á sakamálaréttarfari og réttarreglum því tengdu með það að markmiði að hraða meðferð mála. Þá var hann í desember 2010 skipaður af dómsmálaráðherra í vinnuhóp til að meta þörfina á því að koma á fót millidómstigi sem tæki bæði til sakamála og einkamála og skila tillögum þar að lútandi. Benedikt var skipaður af dómsmálaráðherra formaður refsiréttarnefndar 1997 - 2003 sem samdi mörg lagafrumvörp sem urðu að lögum. Hann var skipaður af dómsmálaráðherra í nefnd 1998 til að endurskoða þágildandi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum, nr. 403/1997. Hann var skipaður af dómsmálaráðherra 1998 ritari nefndar til að gera tillögur um kerfisbundna skráningu tölfræðiupplýsinga um sakamál og rannsaka þróun viðurlaga tiltekinn brotategunda. Þá var hann skipaður 1998 af dómsmálaráðherra formaður samstarfsnefndar ráðuneyta til að fjalla um málefni ungra afbrotamanna. Þegar hann starfaði sem skrifstofustjóri á lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, 1997 til 2001, tók hann þátt í starfi vinnuhóps norrænu dómsmálaráðuneytanna um refsirétt. Á sama tímabili sótti hann einnig árlega fundi stýrinefndar Evrópuráðsins um afbrotamálefni (European Committee on Crime Problems, CDPC). Árið 2001 var hann skipaður af dómsmálaráðherra í vinnuhóp til að semja frumvarp til laga um fullnustu refsinga. Benedikt átti sæti í kærunefnd húsaleigumála 1995 - 2010 og á sama tíma var hann einnig varamaður í kærunefnd fjöleignarhúsamála. Eftir að nefndirnar voru sameinaðar hefur hann verið varamaður. Hann hefur nokkrum sinnum verið kvaddur til setu í matsnefnd eignarnámsbóta frá árinu 1997. Árið 2001 var hann skipaður af utanríkisráðherra í skaðabótanefnd, sem starfaði á grundvelli laga um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, nr. 110/1951. Hann



varð formaður nefndarinnar árið 2004 og gegndi því starfi þar til nefndin var lögð niður árið 2008. Árið 2003 var hann skipaður af forsætisráðherra varamaður í óbyggðanefnd og hefur frá þeim tíma tekið þátt í umfjöllun fjölda mála sem hafa verið til meðferðar hjá nefndinni. Hann var kjörinn í barnaverndarnefnd Reykjavíkur í júní 1990 og varð formaður nefndarinnar í mars 1991. Hann var endurkjörinn formaður nefndarinnar vorið 1994 og gegndi því starfi til vors 1998. Árið 1993 var hann skipaður af félagsmálaráðherra í nefnd til að semja reglugerðir á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Þá var hann í mars 1999 skipaður af félagsmálaráðherra í starfshóp til að leggja mat á meðferðarúrræði unglunga. Frá árinu 2002 hefur hann verið varaformaður kærunefndar barnaverndarmála. Árið 1993 var hann skipaður af dómsmálaráðherra varamaður til fjögurra ára í tölvunefnd, en sú nefnd starfaði á grundvelli laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989. Árið 1997 var hann skipaður af dómsmálaráðherra í nefnd til að endurskoða lög um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, en sú nefnd lauk störfum og skilaði tillögum sínum til ráðherra í september 2000. Á árinu 2001 var hann skipaður af forsætisráðherra í nefnd til að fylgja eftir umbótum á innleiðingu EES-gerða og vera til ráðgjafar um hvers kyns álitafni, sem upp koma við lögleiðingu slíkra gerða. Sú nefnd lauk störfum á árinu 2004. Þá var hann formaður endurskoðendaráðs 2003-2008. Loks hefur hann verið formaður útvarpsréttarnefndar frá árinu 2004. Í umsókninni er greint frá 15 ritverkum umsækjandans um lögfræðileg efni, þar af eru tvær bækur, en flest ritverkin hafa birst í tímaritum, safnritum, afmælisritum og útgefnum skýrslum. Bækurnar eru (1) Dómar um kröfuábyrgð 1886-2003. Reykjavík 2004 og (2) Kröfuréttur I - Efndir kröfu (2009). Samið ásamt Þorgeiri Örlygssyni og Eyvindi G. Gunnarssyni. Í formála er þess getið að af sjö köflum ritsins hafi Benedikt ritað sjötta kafla um réttarlegar kröfur til greiðslu. Fjórar af greinunum eru ritrýndar tímaritsgreinar. Bækurnar eru á sviði kröfuréttar. Sjö ritanna eru á sviði kröfuréttar, þrjár á sviði refsiréttar og fjórar á sviði réttarfars. Auk þess getur umsækjandinn um fjóra fyrirlestra og erindi, sem hann hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum. Benedikt var formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta 1990 - 1992. Hann hefur átt sæti í skólanefnd Menntaskólans við Hamrahlíð frá árinu 1989 og var kjörinn formaður nefndarinnar í árslok 2000. Hann átti sæti í stjórn

Lögfræðingafélags Íslands 1994 - 2008 og var formaður félagsins 2005 - 2008. Hann var formaður stjórnar sjóðsins Samhugur í verki, styrktarsjóðs fórnarlamba náttúruhamfara, 1998 - 2001. Frá árinu 1998 hefur hann átt sæti í stjórn Félagsbústaða hf. Loks átti hann sæti í stjórn Dómarafélags Íslands 2003 - 2009. Benedikt getur um 17 lagafrumvörp sem hann hafi samið og er þar bæði um að ræða lagafrumvörp sem hann hefur samið á vegum nefnda svo og frumvörp sem honum hefur einum verið falið að semja. Þá getur hann um 11 frumvörp sem samin hafa verið á vegum nefnda sem hann hefur átt sæti í og tekið þátt í að semja með öðrum. Þá hefur hann verið formaður þriggja nefnda sem samið hafa lagafrumvörp.

*Eiríkur Tómasson* er fæddur 8. júní 1950 og er því 60 ára. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1970 og embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1975 með I. einkunn. Hann stundaði framhaldsnám í stjórnsýslurétti við Det juridiska institutet í Lundi í Svíþjóð frá september 1975 til maí 1976 undir leiðsögn Håkan Strömberg prófessors. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál sem héraðsdómslögmaður 23. október 1979 og hæstaréttarlögmaður 20. febrúar 1984. Hann gegndi starfi fulltrúa í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá því í maí 1976 og til febrúar 1977 og var þá ráðinn aðstoðarmaður þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og viðskiptaráðherra, Ólafs Jóhannessonar, til ágúst 1978. Hann varð síðan aðstoðarmaður þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, Steingrims Hermannssonar, frá september 1978 til október 1979. Frá því í ársbyrjun 1980 og til ársloka 1994 starfaði hann sem lögmaður í Reykjavík og rak á þeim tíma málflutningsskrifstofu í félagi við aðra, frá upphafi við þá Vilhjálm Árnason og Ólaf Axelsson og síðar þá Árna Vilhjálmsson, Hrein Loftsson og Brynjólf Kjartansson. Eiríkur starfaði þannig í 15 ár sem sjálfstætt starfandi lögmaður og flutti fjölda mála fyrir héraðsdómi, Hæstarétti og gerðardómum. Einnig fékkst hann við margvísleg önnur lögmannsstörf, þ. á m. sem skiptastjóri í fjölmörgum þrotabúum. Eitt þessara þrotabúa skar sig úr vegna eðlis og umfangs. Á árunum 1983 og 1984 flutti hann, ásamt öðrum, mál fyrir hönd íslenska ríkisins gegn svissneska fyrirtækinu Swiss Aluminium Ltd. fyrir alþjóðlegum gerðardómi í New York. Sömuleiðis árið 1987 mál fyrir hönd Jóns Kristinssonar gegn Íslandi fyrir Mannréttindanefnd Evrópu. Að því er varðar reynslu af fræðistörfum þá var hann stundakennari í lögfræði við

viðskiptafræðideild Háskóla Íslands háskólaárið 1976 – 1977. Frá hausti 1977 til hausts 1994 var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands, með nokkrum hléum. Fyrri hluta ársins 1983 var hann settur dósent við lagadeild og frá 1. september 1983 ráðinn aðjúnkt við deildina. Kennslugreinar hans á þessu tímabili voru refsiréttur, sakamálaréttarfar (opinbert réttarfar), stjórnskipunarréttur, stjórnsýsluréttur (stjórnarfarsréttur) og eignaréttur. Eftir að hann var skipaður prófessor við lagadeild, í ársbyrjun 1995, hefur hann haft umsjón með kennslugreinunum *Réttarfar I* (dómstólaskipan og almennt einkamálaréttarfar) og *Réttarfar II* (sakamálaréttarfar) í BA-námi (grunnnámi), auk kjörgreinarinnar *Hlutverk dómara og lögmanna* í meistaranámi (kjörnámi). Fram til 2003 hafði hann jafnframt umsjón með kjörgreinunum *Fullnusturéttarfar* og *Skuldaskilaréttur* og fram til 2006 með kjörgrein um alþjóðlegan höfundarétt sem í upphafi var kennd á íslensku undir heitinu *Alþjóðlegur höfundaréttur*, en síðar á ensku undir heitinu *International Copyright Law*. Á árinu 2001 tók hann við umsjón með greininni *Stjórnskipunarréttur ásamt þjóðarétti*, sem kennd er í BA-námi, og hafði frá 2002 til 2010 umsjón með henni, ásamt öðrum prófessor. Á þessu tímabili hefur hann m.a. annast kennslu í einkamálaréttarfari, sakamálaréttarfari, skiptarétti, stjórnskipunarrétti og alþjóðlegum höfundarétti. Enn fremur hefur hann verið andmælandi við doktorsvörn við lagadeild 2005 og umsjónarkennari með námi doktorsnema við deildina er lauk með doktorsgráðu 2009. Alls hafa komið út sjö fræðirit eftir hann um lögfræði og að auki eitt rit, sem hann er skráður höfundur að, ásamt öðrum. Þetta eru ritin (1) Réttlát málsmeðferð fyrir dómi. - Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Gefið út af Bókaútgáfu Orators, 1999. (2) Þvingunarráðstafanir í þágu meðferðar sakamála (opinberra mála). Gefið út af Úlfljóti, tímariti laganema, 2000. Önnur útgáfa, endurskoðuð 2009. (3) Meginreglur sakamálaréttarfars (opinbers réttarfars). Gefið út af Úlfljóti, tímariti laganema, 2002. Önnur útgáfa, endurskoðuð 2009. (4) Réttarstaða sakbornings og verjanda. Gefið út af Úlfljóti, tímariti laganema, 2004. Önnur útgáfa, endurskoðuð 2009. (5) Endurskoðun ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, ásamt Aðalheiði Jóhannsdóttur. Gefið út af Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008. (6) Dómar í sakamálaréttarfari. Gefið út af Bókaútgáfunni Codex, 2009. (7) Rannsókn sakamála. Gefið út af Úlfljóti, tímariti

laganema, 2011. Þá hefur hann skrifað tvo bókakafla í fræðirit og alls 46 fræðigreinar, sem birst hafa í tímaritum eða verið gefnar út með öðrum hætti, auk eins útgefins fyrirlesturs og eru þrjár þeirra ritrýndar tímaritsgreinar. Af þessum tímaritsgreinum eru 23 á sviði réttarfars, þar af fjalla tvær um almennt einkamálaréttarfar og álitaefni á því sviði, 13 um sakamálaréttarfar, ein um gjaldþrotaskipti, þrjár um sönnun, tvær um dómara og dómstóla, ein um lögmennt og loks ein um réttarfar í ljósi réttarsögu. Þá eru sex greinar á sviði stjórnsluréttar, fimm á sviði stjórnskipunarréttar og þrjár á sviði mannréttinda. Þá eru sjö greinar á sviði höfundaréttar. Ennfremur fjallar ein grein um framtíðarskipan laganáms og loks verður ein grein ekki felld með góðu móti í einn flokk, þ.e. *Eiga sérhagsmunir að vera réttthærri almannahagsmunum?* sem birtist í *Úlfjót* 2008, 3. tbl., en þar er fjallað jöfnum höndum um réttarfar, þ.e. sönnun, og efni á sviði stjórnsluréttar. Frá árinu 1999 hefur hann haldið alls 53 fræðileg erindi um margvísleg lögfræðileg efni. Í umsókn lætur höfundur þess getið að Hæstiréttur Svíþjóðar hafi í dómum sínum 15. júní 2000 og 11. apríl 2002 vitnað til beggja greina hans um alþjóðlegan og norrænan höfundarétt, sem birtust í tímaritinu *Nordisk Immateriellt Rättsskydd (NIR)* árin 1997 og 2001. Í umsókn hans kemur fram að samhliða kennslu hafi hann stundað lögfræðirannsóknir, einkum á sviði sakamálaréttarfars, stjórnskipunarréttar og höfundaréttar. Í rannsóknaleyfum á árunum 1999, 2001 og 2007 hafi hann stundað rannsóknir við Kaupmannahafnarháskóla, í hvert sinn um nokkurra vikna skeið. Þá hafi hann dvalið árið 2001 í þrjár vikur við Háskólann í Pittsburgh í Bandaríkjunum sem gistikennari. Frá 1996 hafi hann verið einn af ritstjórum *Nordisk Immateriellt Rättsskydd* sem sé samnorrænt fræðirit á sviði hugverkaréttar. Á meðan hann hefur gegnt starfi prófessors hefur hann alls 23 sinnum verið settur sem varadómari í Hæstarétti til að dæma þar í einstökum málum. Einnig hefur hann setið sem gerðarmaður í nokkrum sammingsbundnum gerðardómum. Að því er varðar stjórnslustörf starfaði hann sem fyrr segir í þrjú og hálf ár í Stjórnarráði Íslands, fyrst í tæpt ár sem fulltrúi í ráðuneyti og síðan í rúm tvö og hálf ár sem aðstoðarmaður ráðherra. Hann gegndi stöðu forseta lagadeildar Háskóla Íslands 1. júlí 2002 – 30. júní 2005 og varadeildarforseta 1. júlí 2000 – 30. júní 2002 og 27. janúar 2009 – 30. júní 2010. Hann var varaforseti háskólaráðs Háskóla Íslands 1. júlí 2004 –

30. júní 2006 og jafnframt staðgengill háskólarektors þann tíma. Hann var varaformaður svonefndrar fullnustumatsnefndar er starfaði samkvæmt starfsreglum fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á árunum 1984 - 1986. Frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2004 hefur hann verið formaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál skv. V. kafla upplýsingalaga nr. 50/1996. Frá ársbyrjun 1999 til ársloka 2006 hefur hann verið formaður prófnefndar skv. 7. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt. Hann hefur frá 1995 setið í höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Þá hefur hann frá 2007 setið í nefnd um dómaraströf skv. IV. kafla laga nr. 15/1998 um dómstóla. Ennfremur hefur hann, frá ársbyrjun 2008, verið formaður áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Hann var varaborgarfulltrúi í Reykjavík 1978 - 1982. Hann var á sama tíma formaður stjórnar Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar og formaður íþróttaráðs borgarinnar. Hann sat í yfirkjörstjórn vegna borgarstjórnarkosninga í Reykjavík 1994, 1998 og 2002 og var formaður hennar í tvö síðari skiptin. Að því er varðar reynslu af stjórnun þá hefur hann gegnt í tæp 24 ár starfi framkvæmdastjóra STEFs eða frá árinu 1987. Einnig var hann í fimmtán ár einn af meðeigendum lögmannsstofu og kemur fram í umsókn hans að það hafi komið í hans hlut að stýra fjármálum hennar á þeim tíma. Hann var formaður Lögfræðingafélags Íslands 1986-1988 og átti sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands 1984 - 1986. Hann hefur setið í stjórn Hafréttarstofnunar Háskóla Íslands frá 2002, þar af sem formaður hennar 2007 - 2009. Þá átti hann sæti í kennslumálanefnd Háskólans 1995 - 2001. Hann hefur setið í stjórn Innheimtumiðstöðvar gjalda skv. 11. gr. höfundalaga frá 1988, þar af sem formaður hennar frá 2001. Hann hefur átt sæti í stjórn Samtóns, samstarfsvettvangs rétthafa á sviði tónlistar, frá 2002, og í stjórn Tónskáldasjóðs Ríkisútvarpsins frá sama tíma. Hann hefur verið formaður Höfundaréttarfélag Íslands frá 2000 og setið í stjórn *Nordisk Copyright Bureau (NCB)*, sem eru samnorræn höfundaréttarsamtök, frá 1988. Árið 1988 var hann kjörinn einn af endurskoðendum *Confédération Internationale d'Auteurs et Compositeurs (CISAC)*, sem er alþjóðasamband höfundaréttarsamtaka, og gegndi því trúnaðarstarfi til 1996. Eiríkur var skipaður af dómsmálaráðherra í réttarfarsnefnd 1988 og sat í nefndinni til 1992. Hann var síðan skipaður af ráðherra í nýja nefnd með sama heiti 1994 og hefur átt sæti í henni síðan. Á vegum þessara

tveggja réttarfarsnefnda hefur verið saminn mikill fjöldi frumvarpa til laga um dómstólaskipan og réttarfar. Hann hefur átt sæti í höfundaréttarnefnd frá 1996 sem samið hefur þrjú frumvörp. Hann hefur einnig átt sæti í fjölmörgum öðrum nefndum sem samið hafa um 10 lagafrumvörp. Árið 1998 var hann kjörinn af Alþingi í svonefnda auðlindanefnd og síðar kosinn varaformaður hennar. Árið 2005 var hann skipaður af forsætisráðherra sem formaður sérfræðinganefndar til að starfa með nefnd sem hafði það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána.

*Gréta Baldursdóttir* er fædd 30. mars 1954 og er því 57 ára. Hún lauk stúdentsprófi frá hagfræðideild Verslunarskóla Íslands vorið 1975 og embættisprófi í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands 1980 með II. einkunn. Hún hlaut réttindi til málflytninga fyrir héraðsdómi 15. september 1983. Hún hóf þriggja missera rekstrar- og viðskiptanám við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands í febrúar 1998 og lauk því námi í júní 1999 með I. einkunn. Hún hóf störf hjá Yfirborgarfógeta í Reykjavík 1. júlí 1980. Fyrstu þrjú árin starfaði hún sem dómarafulltrúi í þinglýsingardeild embættisins, eða til 1. júní 1983 er hún hóf störf í skiptarétti Reykjavíkur. Hún starfaði þar sem dómarafulltrúi til 1. febrúar 1988 er hún var settur borgarfógeti við sama embætti til 1. júlí 1992. Síðustu mánuðina, sem settur borgarfógeti, starfaði hún sem yfirmaður skiptaréttarins og sá þá, auk hefðbundinna starfa skiptaráðandans, um úthlutun verkefna til dómarafulltrúa, fjárvörslu og bókhald. Hinn 1. júlí 1992 var hún skipaður deildarstjóri við embætti sýslumannsins í Reykjavík og jafnframt staðgengill sýslumanns frá sama tíma. Hún var deildarstjóri í skiptadeild embættisins sem fór fyrst og fremst með málefni dánarbúa og lögræðismál auk þess sem hún fór með einstaka mál sem heyrðu undir sífjædeild embættisins s.s. úrskurði um umgengnisrétt og hjónavígslur. Meðfram störfum hennar sem deildarstjóri var hún einn af svokölluðum netstjórum embættisins og sótti tölvunámskeið vegna þeirra starfa. Þá hafi hún séð um bókhald deildarinnar auk þess sem hún hafi haldið áfram að sjá um bókhald gamla skiptaréttarins þar til það var endanlega yfirtekið af ríkisbókhaldi. Árið 1993 hóf hún störf hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og starfaði þar sem dómarafulltrúi til 1. janúar 1994 en frá þeim tíma sem skrifstofustjóri embættisins þar til hún var skipaður héraðsdómari hinn 18. janúar 1999. Samhliða störfum skrifstofustjóra sinnti hún áfram störfum

sem dómarafulltrúi og aðstoðarmaður dómara eftir að stöður dómarafulltrúa voru lagðar niður 1. júlí 1998. Meginstarf skrifstofustjórans fólst í daglegri stjórnun skrifstofunnar, s.s. starfsmannastjórnun. Þá var hún settur héraðsdómari frá 1. janúar 1996 til 1. maí 1996. Frá 1998 til 2006 gegndi Gréta starfi formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Hinn 1. desember 2010 var hún skipuð í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Á árinu 2008 var hún settur formaður þessarar sömu nefndar í tveimur málum. Hún sat sem varamaður í dómnefnd sem fjallaði um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara frá 2004 - 2010 og frá 2010 hefur hún setið sem varamaður í dómnefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara og hæstaréttardómara. Frá 1. janúar 2011 hefur hún setið sem varamaður í prófnefnd sem annast prófraun fyrir umsækjendur um réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmaður. Þá sat hún, frá árinu 1991 til ársins 1995, sem varamaður og varaformaður í nefnd samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu sem sinnti ágreiningsmálum innan heilbrigðisþjónustunnar. Hún annaðist stundakennslu í lögfræði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands á vorönn 1999 á námskeiði sem kallaðist Lögfræði B. Námsefnið var um aðfarargerðir, nauðungarsölu, gjaldþrotaskipti og stjórnarsýslu. Þá annaðist hún kennslu um ágreiningsmál um forsjá barna á námskeiði um forsjármál á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Hún situr í stjórn Dómarafélags Íslands og hefur verið gjaldkeri félagsins frá því að hún tók sæti sem aðalmaður í stjórninni árið 2005 en hafði áður verið varamaður í stjórn félagsins. Þá hefur hún setið í stjórn starfsmannafélags Héraðsdóms Reykjavíkur frá árinu 1996 og verið gjaldkeri félagsins frá þeim tíma. Gréta hefur sótt ýmis námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og ýmis námskeið sem haldin hafa verið á vegum dómstólanna, s.s. námskeið um enskt og bandarískt lagamál á árinu 1998, um sáttamiðlun á árinu 2008 og íslenskunámskeið sem haldið var á árinu 2010. Þá hefur hún sótt ýmsar ráðstefnur um lögfræðilegt efni, bæði héraðs og erlendis og setið í ýmsum nefndum vegna innra skipulags Héraðsdóms Reykjavíkur auk þess sem hún sat í nefnd á vegum dómstólaráðs þar sem viðfangsefnið var starfsmannastefna dómstólanna. Þá kemur fram í umsókn hennar að hún hafi flutt þrjú fræðileg erindi á fundum og ráðstefnum um lögfræðileg efni.

*Helgi I. Jónsson* er fæddur 23. apríl 1955 og er því 56 ára. Hann lauk stúdentsprófi 1975 frá Menntaskólanum í Reykjavík og embættisprófi í lögfræði 1980 frá lagadeild Háskóla Íslands með II. einkunn. Hann hefur auk þess sótt ýmis endurmenntunarnámskeið á vegum Dómarafélags Íslands, dómstólaráðs og samstarfsnefndar um símenntun fyrir dómara á Norðurlöndum (Samarbetsorganet för efterutbildning av nordiska domare, SEND). Hann var fulltrúi við embætti bæjarfógetans á Sauðárkróki og sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu frá 1980 til 1983 og hafði þar m.a. á hendi meðferð einkamála, bæði munnlega og skriflega fluttra, og sakamála. Helgi var fulltrúi við embætti yfirsakadómarara í Reykjavík frá 15. apríl 1983 til 19. desember 1984 og aftur frá 1. febrúar 1985 til 1. apríl 1985. Hann fór þar með mál sem lokið var með dómsátt og ákærumál fyrir brot á sérrefsilögum auk barnsfaðernismála. Hann var fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði og sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu frá 19. desember 1984 til 1. febrúar 1985 til að ljúka nokkrum ákærumálum í umdæminu. Hann var settur sakadómari við sakadómaramebættið í Reykjavík frá 1. apríl til 31. desember 1985. Þá var hann settur sýslumaður í Dalasýslu í orlofi sýslumanns að sumarlagi árin 1984 - 1988, settur bæjarfógeti í Neskaupstað sumarið 1985 í orlofi bæjarfógeta og settur sýslumaður í Strandasýslu sumarið 1990 í orlofi sýslumanns. Hann var settur héraðsdómari við Héraðsdóm Vestfjarða sumarið 1991 í orlofi héraðsdómara. Helgi var skipaður sakadómari 1. desember 1986 við sakadómaramebættið í Reykjavík. Hann var skipaður héraðsdómari 1. júlí 1992 við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann hefur verið dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. júlí 2003. Helgi hefur verið varaforseti Félagsdóms samfelldt frá árinu 2001 og hefur hann verið dómsforseti í 22 málum. Þá hefur hann setið í Hæstarétti sem varadómarari í 16 málum frá árinu 2002. Helgi var fulltrúi á lögmannsstofu Gylfa og Svölu Thorlacius frá og með júlí til og með september 1980. Þá var hann deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. janúar til 1. desember 1986 og voru verkefni hans þar m. a. málefni dómstólanna, bæjarfógeta- og sýslumannsembætta, Bifreiðaeftirlits ríkisins og gjafsóknarmál. Hann hefur átt samfelldt sæti í dómstólaráði frá 1. júlí 2003 og hefur frá sama tíma verið varaformaður ráðsins og starfandi formaður ráðsins frá 1. september 2009 til 1. júlí 2010 í leyfi formanns. Helgi hefur verið formaður gerðardóms í fjórum málum. Hann



var stundarkennari við lagadeild Háskóla Íslands á haustmísserum árin 2001 - 2003 og kenndi námsefni í almennum hluta refsiréttar. Þá hefur hann verið nokkrum sinnum prófdómari í almennri lögfræði við sömu deild og prófdómari í nokkrum mastersritgerðum laganema á sviði refsiréttar. Hann hefur aðstoðað við kennslu í kjörgreininni „Hlutverk dómara og lögmanna við meðferð dómsmála“ við sömu deild frá árinu 1999 og kenndi hluta námsefnis 2009 og 2010. Einnig hefur hann annast kennslu á námskeiði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda árlega frá árinu 2006 þar sem kennsluefnið hefur verið munnlegur málflutningur og ýmis atriði er varða hegðun og framkomu lögmanna fyrir dómi. Þá kenndi hann sambærilegt efni á námskeiði Lögmannafélags Íslands fyrir starfandi lögmenn í febrúar 2011. Hann var fulltrúi Íslands í sérfræðinefnd um samræmingu refsinga milli landa í Evrópuráðinu í Strassborg á árunum 1990 - 1992. Helgi hefur lagt fram þrjár birtar fræðilegar greinar og eru þær allar á sviði refsiréttar. Helgi var skipaður varamaður í gjafsóknarnefnd frá 1. júlí 1993 til 1. júlí 1999 og hefur verið aðalmaður í nefndinni frá þeim tíma. Þá var hann skipaður í nefnd um dómastörf frá 1. júlí 1998 til 1. febrúar 2004. Hann hefur verið settur umboðsmaður Alþingis í þremur málum árið 2000. Þá hefur hann átt sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í nokkrum málum samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar.

*Sigríður Ingvarsdóttir* er fædd 18. júlí 1949 og er því 61 árs. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands 1970, stúdentsprófi frá sama skóla 1971 og embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1977 með 1. einkunn. Hún var við framhaldsnám við Kaliforníuháskóla í Los Angeles í Bandaríkjunum 1979 - 1980 og lauk þaðan meistaraprófi í samanburðarlögfræði. Hún hefur sótt endurmenntunarnámskeiðin alþjóðlegur skattaréttur, EES-réttur og landsréttur, réttarsálfræði, sönnunarmat í kynferðisbrotamálum, lestur og greining ársreikninga og að skrifa íslensku. Þá stundaði hún í námsleyfum sínum framhaldsnám og fræðistörf. Fram kemur að í námsleyfi hennar frá 1. janúar 1996 til 1. maí sama ár hafi hún aflað sér gagna og skrifað bókina „Gagnaöflun í forsjármálum“ sem kom út síðar á því ári. Þá dvaldi hún af þessu tilefni í Kaupmannahöfn á námstímanum, aðallega í febrúar. Í námsleyfi hennar frá 1. maí 2000 til 1. október s.á. skrifaði hún greinina „Rökstuðningur dómsúrlausna“ sem birt var í Tímariti lögfræðinga, 3. hefti 2000. Í

námsleyfinu dvaldi hún um tíma í Berlín. Sigríður starfaði sem fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi frá 1977 til 1984, en var héraðsdómari í sama umdæmi frá þeim tíma til 1992. Frá árinu 1992 hefur hún verið héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þá var Sigríður tilefnd sem oddamaður í gerðardóm. Frá 1984 - 1988 og aftur 2005 - 2006 svo og 2009 sinnti hún nokkurri kennslu við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og 1985 til 2000 við lagadeild sama skóla í samanburðarlögfræði og á námskeiðinu hlutverk dómara og lögmanna við meðferð einkamála og opinberra mála, svo og við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005 - 2008. Hún hefur verið prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2002. Þá flutti hún fyrirlestur á félagsvísindasviði Háskóla Íslands á árinu 2009. Frá árinu 2008 - 2011 hefur hún sinnt kennslu á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um kröfugerð í einkamálum á námskeiði til undirbúnings prófs til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómsslögmaður. Hún hefur allt frá árinu 1985 haldið fyrirlestra á námskeiðum og ráðstefnum hjá sálfræðingum og heilbrigðisstéttum m.a. um réttarreglur á sviði barnaverndar og vinnu sálfræðinga fyrir dómstóla í forsjármálum. Á árunum 1986 - 1991 og 1993 - 1997 var hún formaður Barnaverndarráðs, en varaformaður 1991 - 1992. Á árinu 1988 var hún skipuð, sem sérstakur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, til þess að annast meðferð kæru á hendur hæstaréttarlögmanni vegna meintra brota á almennum hegningarlögum. Hún hefur tvívegis verið formaður nefndar, sem samdi lagafrumvarp. Hún var á árinu 1984 skipuð í starfshóp sem falið var að gera tillögur samkvæmt þingsályktun 20. desember 1983 um skipulegar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Þá var hún formaður nefndar á árunum 2001 - 2002 sem dómsmálaráðherra fól að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis. Á árunum 1998 - 2004 átti hún sæti í dómnefnd um héraðsdómaraembætti. Hún var í hópi þriggja fulltrúa Íslands sem tilnefndir voru 2004 til setu í Mannréttindadómstóli Evrópu. Meðal félags- og stjórnunarstarfa, sem Sigríður getur um, er seta í stjórn Íslandsdeildar Amnesty International, þar af formennska um tveggja ára skeið, og í stjórn Dómarafélags Reykjavíkur og Dómarafélags Íslands og Lögfræðingafélags Íslands í þrjú ár. Þá hefur hún einnig tekið þátt í þremur þingum Alþjóðasambands dómara auk þess sem hún sótti ráðstefnu í Barcelona á Spáni í september 1997 hjá alþjóðasamtökum til að koma í

veg fyrir misnotkun og vanrækslu barna (International Society for Prevention of Child Abuse and Neglect). Í umsókninni er greint frá 18 ritverkum um lögfræðileg efni, auk meistaraþrófsritgerðar, og hafa flest ritverkin birst í íslenskum lögfræðibókum eða tímaritum. Af þessum ritverkum er um eina bók að ræða um gagnaöflun í forsjármálum. Ellefu greinar lúta að dómstólum og réttarfari, tvær á sviði barnaréttar, tvær á sviði stjórnýslu barnaverndarmála og ein á sviði barnaverndar. Tvær greinanna hafa verið ritrýndar sem tímaritsgreinar. Auk þess getur Sigríður um 16 fyrirlestra og erindi, sem hún hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum.

*Þorgeir Örlygsson* er fæddur 13. nóvember 1952 og er því 58 ára. Hann lauk stúdentsþrófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1973, og embættisþrófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 1978 með I. einkunn. Hann lauk meistaraþrófi (LL.M) í þjóðarétti og alþjóðlegum einkamálarétti frá lagadeild Harvard háskóla í Bandaríkjunum 1980. Þorgeir stundaði rannsóknir á kennslu- og fræðasviðum sínum við erlenda háskóla. Hann var tvívegis við rannsóknir í eignarétti, kröfurétti og hugverka- og auðkennarétti við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla (samtals sex mánuði), á sviði veðréttar og kröfuréttar við lagadeild háskólans í Apenu í Grikklandi (sex mánuði), og í veðrétti og eignarétti við lagadeild ríkisháskólans í Berkeley í Kaliforníu í Bandaríkjunum (átta mánuði). Á árunum 1978 - 1982 starfaði hann sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, 1982 - 1984 sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara og 1984 - 1987 dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Hann var borgardómari í Reykjavík 1986 - 1987. Þorgeir var prófessor við lagadeild Háskóla Íslands 1986 - 1999 og voru kennslugreinar hans kröfuréttur, eignaréttur, veðréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur og raunhæf verkefni. Þá hafði hann um tíma umsjón með kennslu í vörumerkja-, einkaleyfa- og samkeppnisrétti. Á árunum 1994 - 1996 var hann deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands og varaforseti háskólaráðs frá 1995 - 1996 og þá um leið vararektor. Þá var hann settur ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum 1999 - 2003, en frá þeim tíma hefur hann starfað sem dómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg. Hann var settur bæjarfógeti á Siglufirði hluta sumars 1981, í Vestmannaeyjum hluta sumars 1986 og setudómari við ýmsa héraðsdómstóla á þeim tíma er hann gegndi störfum í borgardómi Reykjavíkur. Á

árunum 1996 - 1999 var hann settur umboðsmaður Alþingis í nokkrum málum. Hann samdi fjölda álitserða um lögfræðileg álitaefni fyrir ýmsa opinbera aðila, fyrirtæki og félagasamtök á meðan hann gegndi starfi við lagadeild Háskóla Íslands. Á sama tímabili var hann dómkvaddur sem matsmaður í fjölda mála. Þá sat hann í landskiptanefndum, m. a. sem formaður, og oft í gerðardómum. Þorgeir hefur gegnt ýmsum aukastörfum í stjórnarsýslu. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1982 - 1985 og var á árunum 1982 - 1984 í vinnuhópi sem vann að samningu norræns frumvarps til laga um lausafjárkaup. Hann var formaður áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum 1984 - 1990, formaður tölvunefndar 1986 - 1999, formaður prófnefndar löggiltra fasteigna- og skipasala 1987 - 1999, formaður samráðsnefndar Háskóla Íslands um kjaramál 1995 - 1996, formaður laganefndar háskólaráðs Háskóla Íslands 1995 - 1997, formaður stjórnar tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta 2000 - 2003. Þá sat hann í prófnefnd verðbréfamiðlara 1989 - 1992, í kjaranefnd 1993 - 1997, í stjórn Happdrættis Háskóla Íslands 1994 til 2003 og í stjórn Tryggingasjóðs sparisjóða 2000 - 2003. Hann átti sæti í samráðsnefnd sem fjallaði um gerð tvísköttunar- og fjárfestingarsamninga 1999 - 2003. Á árunum 1998 - 2002 var hann varamaður í óbyggðanefnd, varamaður í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands 2000 - 2005 og varafulltrúi Íslands í bankaráði Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu 1999 - 2003. Þorgeir kenndi kröfurétt við lagadeild Háskólans á Bifröst 2008 og var skipaður í fagrað Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík árið 2009. Á starfsárum hans við lagadeild Háskóla Íslands kenndi hann á námskeiðum hjá Endurmenntunarstofnun sama skóla. Þorgeir hefur verið formaður í mörgum nefndum til að endurskoða lög og semja lagafrumvörp, en einnig hefur honum verið falið að semja nokkur frumvörp, ýmist einum eða með öðrum. Þorgeir er höfundur og meðhöfundur fimm útgefina bóka á sviði lögfræði og hefur lagt fram eða birt 37 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælisritum og útgefnum skýrslum. Um er að ræða fimm greinar og ritgerðir á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar, tvær sem varða EES-samninginn, þrjár á sviði persónuverndar og friðhelgi einkalífs, 14 á sviði samninga- og kröfuréttar og 12 greinar og ritgerðir á sviði eigna- og veðréttar. Hann hefur tekið saman 11 fjölrituð hefti með efni um lögfræði til kennslu á háskólastigi, þ.e. sjö kennsluhefti á sviði

eigna- og veðréttar og fjögur á sviði kröfuréttar. Þorgeir hafði yfirumsjón með þýðingu enskra lagahugtaka í Ensk-Íslenskri orðabók Sörens Sörenssonar, sem út kom í Reykjavík 1984. Hann hefur átt sæti í ritnefnd þriggja afmælisrita. Auk þess getur umsækjandinn um 29 fyrirlestra og erindi, sem hann hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum.

## 5. Mat á umsækjendum

### 5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Eiríkur, Sigríður og Þorgeir hafa lagt stund á framhaldsnám erlendis að loknu embættisprófi. Sigríður og Þorgeir hafa til viðbótar embættisprófi sínu lokið meistaraþrófi í lögum við erlenda háskóla. Eiríkur og Þorgeir hafa jafnframt lagt stund á rannsóknir við erlendar menntastofnanir í rannsóknaleyfum sínum. Af umsækjendum hefur Gréta stundað rekstrar- og viðskiptanám hér á landi. Benedikt og Helgi hafa ekki stundað skipulegt framhaldsnám eftir embættispróf.

### 5.2. Reynsla af dómstörfum

*Benedikt* var dómarafulltrúi frá 4. desember 1992 til 31. ágúst 1995. Frá árinu 1995 - 1997 var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Hann var skipaður héraðsdómari 1. júlí 2001 og frá 1. desember 2003 hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands. Hann hefur því verið dómarafulltrúi í tæplega þrjú ár, aðstoðarmaður hæstaréttardómara tvö ár og héraðsdómari í tæplega 10 ár. Hann hefur tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í 23 málum. Hann hefur einnig verið skipaður varadómari við EFTA-dómstólinn í Lúxemborg frá 1. júlí 2007. Þá var hann kjörinn varadómari í Landsdómi af lagadeild Háskóla Íslands 12. október 2010 og hefur tekið sæti í dóminum.

*Eiríkur* hefur tekið sæti sem varadómari í Hæstarétti í 23 málum. Í umsókn hans kemur fram að hann hefur setið sem gerðarmaður í nokkrum samningsbundnum gerðardómum.

*Gréta* starfaði frá 1980 - 1988 sem dómarafulltrúi yfirborgarfógeta. Hún var borgarfógeti frá 1988 til 1992. Árin 1993 - 1994 starfaði hún sem dómarafulltrúi við

Héraðsdóm Reykjavíkur og frá 1994 – 1999 sem skrifstofustjóri embættisins auk þess sem hún gegndi störfum dómarafulltrúa og aðstoðarmanns meðfram því starfi. Þá var hún settur héraðsdómari frá 1. janúar 1996 til 1. maí 1996. Hún hefur starfað samfellt sem héraðsdómari frá 18. janúar 1999. Þannig hefur Gréta níu ára starfsreynslu sem dómarafulltrúi, rúmlega fjögurra ára starfsreynslu sem skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur og samtals um 17 ára starfsreynslu sem borgarfégeti og héraðsdómari.

*Helgi* hefur haft dómstörf á hendi sem fulltrúi dómara, bæjarfégeta eða sýslumanns frá 1980 til loka árs 1985, eða í rúmlega fimm ár. Starfsreynsla hans sem héraðsdómara nær frá lokum árs 1985 eða rúmlega 26 ár. Helgi hefur verið varaforseti Félagsdóms samfellt frá árinu 2001 og hefur hann verið dómsforseti í tuttugu og tveimur málum. Þá hefur hann setið í Hæstarétti sem varadómari í sextán málum frá árinu 2002. Þá er hann dómari í Landsdómi. Helgi hefur verið formaður gerðardóms í fjórum málum.

*Sigríður* hefur starfað sem héraðsdómari frá árinu 1984 eða í 27 ár og fékkst áður við dómstörf sem fulltrúi í sjö ár. Þá hefur hún verið formaður gerðardóms. Hún hefur tekið sæti sem varadómari við Hæstarétt í einu máli.

*Þorgeir* starfaði í fjögur ár sem dómarafulltrúi, tvö ár sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara, eitt ár sem borgardómari og tæp níu ár við EFTA-dómstólinn. Þá hefur hann verið settur héraðsdómari í nokkrum málum. Hann hefur setið sem gerðarmaður í sammingsbundum gerðardómum. Hann hefur að auki tekið sæti sem varadómari við Hæstarétt í 20 málum á árunum 1996 - 1999 og í einu máli á árinu 2009.

Samkvæmt framansögðu eru 3 umsækjendur með afar langa dómaraareynslu þannig að þegar lögð er saman reynsla þeirra sem dómarafulltrúa og héraðsdómara er Sigríður með 34 ár, Helgi 31 ár og Gréta 30 ár. Á eftir þeim kemur svo Benedikt með 15 ár auk þess sem hann var aðstoðarmaður hæstaréttardómara í 2 ár. Þá er til þess að líta að reynsla Þorgeirs nær bæði til starfa við héraðsdómstól í rúmlega 3 ár og alþjóðlegan dómstól í tæp 9 ár og loks var hann aðstoðarmaður hæstaréttardómara í 2 ár. Á eftir honum kemur svo Eiríkur.

### 5.3. *Reynsla af lögmannsstörfum*

*Gréta* hefur héraðsdómslögmannsréttindi en ekki er upplýst í umsókn hennar um að hún hafi gegnt starfi héraðsdómslögmanns.

*Eiríkur* starfaði sem lögmaður í Reykjavík frá því í ársbyrjun 1980 og til ársloka 1994 og rak á þeim tíma málflytningsskrifstofu í félagi við aðra. Hann starfaði þannig í 15 ár sem sjálfstætt starfandi lögmaður og flutti mikinn fjölda mála fyrir héraðsdómi, Hæstarétti og gerðardómum. Einnig fékkst hann við margvísleg önnur lögmannsstörf, þ. á m. sem skiptastjóri í fjölmörgum þrotabúum. Eitt þessara þrotabúa skar sig úr vegna eðlis og umfangs, en þar var um að ræða þrotabú endurtryggingafélags. Á árunum 1983 og 1984 flutti hann, ásamt öðrum, mál fyrir alþjóðlegum gerðardómi í New York. Sömuleiðis flutti hann árið 1987 mál fyrir hönd Jóns Kristinssonar gegn Íslandi fyrir Mannréttindanefnd Evrópu. Um var að ræða fyrsta málið gegn íslenska ríkinu sem flutt var munnlega fyrir nefndinni og hún taldi tækt til efnismeðferðar fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu vegna ætlaðs brots ríkisins á Mannréttinasáttmála Evrópu.

*Helgi* var fulltrúi á lögmannsstofu Gylfa og Svölu Thorlacius frá og með júlí til og með september 1980.

*Þorgeir* hefur ekki verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann hefur þó haft með höndum mörg aukastörf á starfstíma sínum í lagadeild Háskóla Íslands sem jafna má til lögmannsstarfa svo sem ráðgjöf sem fólst í samningu álitsgerða. Hefur hann samið tugi slíkra álitsgerða.

*Benedikt, Gréta, Sigríður* og *Þorgeir* hafa ekki fengist við sjálfstæð lögmannsstörf. Þá hefur *Helgi* aðeins fjögurra mánaða reynslu af lögmannsstörfum. Í þessum þætti stendur því *Eiríkur* með 15 ára starfsreynslu öðrum umsækjendum framar.

### 5.4. *Reynsla af stjórnisýslustörfum*

*Benedikt* hóf störf sem fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði að loknu embættisprófi og gegndi því til 1. júlí 1992 þegar hann varð fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði og starfaði þar til 4. desember það ár. Á árinu 1993 starfaði hann um tveggja mánaða skeið hjá umboðsmanni Alþingis. Á árunum 1997 - 2001 var hann skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stýrði lagaskrifstofu ráðuneytisins. *Benedikt*

hefur átt sæti í fjölmörgum nefndum á sviði réttarfars, refsiréttar, fjármunaréttar og barnaverndar. Hann var skipaður formaður nefndar samkvæmt lögum nr. 65/1996 um greiðsluáðlögun frá 1996 -1998. Hann var einnig skipaður í norræna nefnd sérfræðinga 2010 til að fjalla um hvort efni væru til að gera norrænan samning um skuldaáðlögun. Frá árinu 1997 hefur hann verið ritari réttarfarsnefndar. Hann hefur átt sæti í dómstólaráði frá 2007. Í apríl 2010 var hann skipaður af dómsmálaráðherra í starfshóp til að gera tillögur að breytingum á sakamálaréttarfari og réttarreglum því tengdu með það að markmiði að hraða meðferð mála. Þá var hann í desember 2010 skipaður af dómsmálaráðherra í vinnuhóp til að meta þörfina á því að koma á fót millidómstigi sem tæki bæði til sakamála og einkamála og skila tillögum þar að lútandi. Benedikt var skipaður af dómsmálaráðherra formaður refsiréttarnefndar 1997 - 2003 sem samdi mörg lagafrumvörp sem urðu að lögum. Hann hefur einnig átt sæti í fjölmörgum öðrum nefndum sem hafa haft það hlutverk að semja lagafrumvörp, en nánar er að þeim vikið í kafla 5.7. hér á eftir. Hann var skipaður af dómsmálaráðherra í nefnd 1998 til að endurskoða þágildandi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum, nr. 403/1997. Hann var skipaður af dómsmálaráðherra 1998 ritari nefndar til að gera tillögur um kerfisbundna skráningu tölfræðiupplýsinga um sakamál og rannsaka þróun viðurlaga tiltekinn brotategunda. Þá var hann skipaður 1998 af dómsmálaráðherra formaður samstarfsnefndar ráðuneyta til að fjalla um málefni ungra afbrotamanna. Þegar hann starfaði sem skrifstofustjóri á lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, 1997 til 2001, tók hann þátt í starfi vinnuhóps norrænu dómsmálaráðuneytanna um refsirétt. Á sama tímabili sótti hann einnig árlega fundi stýrinesfndar Evrópuráðsins um afbrotamálefni (CDPC). Árið 2001 var hann skipaður af dómsmálaráðherra í vinnuhóp til að semja frumvarp til laga um fullnustu refsinga. Benedikt átti sæti í kærunefnd húsaleigumála 1995 - 2010 og á sama tíma í var hann einnig varamaður í kærunefnd fjöleignarhúsamála. Eftir að nefndirnar voru sameinaðar hefur hann verið varamaður. Hann hefur nokkrum sinnum verið kvaddur til setu í matsnefnd eignarnámsbóta frá árinu 1997. Árið 2001 var hann skipaður af utanríkisráðherra í skaðabótanefnd, sem starfaði á grundvelli laga um lagagildi varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, nr. 110/1951. Hann varð formaður nefndarinnar árið 2004 og



gegndi því starfi þar til nefndin var lögð niður árið 2008. Árið 2003 var hann skipaður af forsætisráðherra varamaður í óbyggðanefnd og hefur frá þeim tíma tekið sæti í fjölda mála sem hafa verið til meðferðar hjá nefndinni. Hann var kjörinn í barnaverndarnefnd Reykjavíkur í júní 1990 og varð formaður nefndarinnar í mars 1991. Hann var endurkjörinn formaður nefndarinnar vorið 1994 og gegndi því starfi til vors 1998. Árið 1993 var hann skipaður af félagsmálaráðherra í nefnd til að semja reglugerðir á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992. Þá var hann í mars 1999 skipaður af félagsmálaráðherra í starfshóp til að leggja mat á meðferðarúrræði unglinga. Frá árinu 2002 hefur hann verið varaformaður kærunefndar barnaverndarmála. Árið 1993 var hann skipaður af dómsmálaráðherra varamaður til fjögurra ára í tölvunefnd, en sú nefnd starfaði á grundvelli laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989. Árið 1997 var hann skipaður af dómsmálaráðherra í nefnd til að endurskoða lög um skipströnd og vogrek, nr. 42/1926, en sú nefnd lauk störfum og skilaði tillögum sínum til ráðherra í september 2000. Á árinu 2001 var hann skipaður af forsætisráðherra í nefnd til að fylgja eftir umbótum á innleiðingu EES-gerða og vera til ráðgjafar um hvers kyns álitafni, sem upp koma við lögleiðingu slíkra gerða. Sú nefnd lauk störfum á árinu 2004. Þá var hann formaður endurskoðendaráðs 2003 - 2008. Loks hefur hann verið formaður útvarpsréttarnefndar frá árinu 2004.

*Eiríkur* starfaði í þrjú og hálf t ár í Stjórnarráði Íslands, fyrst í tæpt ár sem fulltrúi í ráðuneyti og síðan í rúm tvö og hálf t ár sem aðstoðarmaður ráðherra. Hann gegndi stöðu forseta lagadeildar Háskóla Íslands 1. júlí 2002 til 30. júní 2005 og varadeildarforseta 1. júlí 2000 til 30. júní 2002 og 27. janúar 2009 til 30. júní 2010. Hann var varaforseti háskólaráðs Háskóla Íslands 1. júlí 2004 til 30. júní 2006 og jafnframt staðgengill háskólarektors þann tíma. Hann var varaformaður svonefndrar fullnustumatsnefndar 1984 - 1986 er starfaði samkvæmt starfsreglum fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2004 hefur hann verið formaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál skv. V. kafla upplýsingalaga nr. 50/1996. Frá ársbyrjun 1999 til ársloka 2006 hefur hann verið formaður prófnefndar skv. 7. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn. Hann hefur frá 1995 setið í höfundaréttarnefnd skv. 58. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Þá hefur hann frá

2007 setið í nefnd um dómastörf skv. IV. kafla laga nr. 15/1998 um dómstóla. Enn fremur hefur hann frá ársbyrjun 2008 verið formaður áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Hann var varaborgarfulltrúi í Reykjavík 1978 - 1982. Hann var á sama tíma formaður stjórnar Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar og formaður íþróttaráðs borgarinnar. Hann sat í yfirkjörstjórn vegna borgarstjórnarkosninga í Reykjavík 1994, 1998 og 2002 og var formaður hennar í tvö síðari skiptin.

*Gréta* var skipaður deildarstjóri við embætti sýslumannsins í Reykjavík 1. júlí 1992 og jafnframt staðgengill sýslumanns frá sama tíma. Hún var deildarstjóri í skiptadeild embættisins sem fór fyrst og fremst með málefni dánarbúa og lögræðismál auk þess sem hún fór með einstaka mál sem heyrðu undir sífjædeild embættisins, s.s. úrskurði um umgengnisrétt og hjónavígslur. Gréta var um rúmlega fjögurra ára skeið skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur en meginstarf skrifstofustjórans fólst í daglegri stjórnun skrifstofunnar, s.s. starfsmannastjórnun. Frá 1998 - 2006 gegndi Gréta starfi formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Hinn 1. desember 2010 var hún skipuð í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Á árinu 2008 var hún settur formaður þessarar sömu nefndar í tveimur málum. Hún sat sem varamaður í dómnefnd sem fjallaði um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara frá 2004 - 2010 og frá 2010 hefur hún setið sem varamaður í dómnefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara og hæstaréttardómara. Frá 1. janúar 2011 hefur hún setið sem varamaður í prófnefnd sem annast prófraun fyrir umsækjendur um réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmaður. Þá sat hún frá árinu 1991 til ársins 1995 sem varamaður og varaformaður í nefnd samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu sem sinnti ágreiningsmálum innan heilbrigðisþjónustunnar.

*Helgi* var deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. janúar til 1. desember 1986 og voru verkefni hans þar m. a. málefni dómstólanna, bæjarfógeta- og sýslumannsembætta, Bifreiðaeftirlits ríkisins og gjafsóknarmál. Hann hefur átt samfellt sæti í dómstólaráði frá 1. júlí 2003 og hefur verið varaformaður ráðsins frá 2008 og starfandi formaður ráðsins frá 1. september 2009 til 1. júlí 2010 í leyfi formanns. Helgi var skipaður varamaður í gjafsóknarnefnd frá 1. júlí 1993 til 1. júlí 1999 og hefur verið aðalmaður í nefndinni frá þeim tíma. Þá var hann skipaður í

nefnd um dómarastörf frá 1. júlí 1998 til 1. febrúar 2004. Hann hefur verið settur umboðsmaður Alþingis í þremur málum árið 2000. Þá hefur hann átt sæti í áfrýjunarnefnd samkeppnismála í nokkrum málum samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar.

*Sigríður* var formaður Barnaverndarráðs samtals í níu ár og varaformaður í eitt ár. Hún sat í sex ár í dómnefnd um hæfni umsækjenda um héraðsdómaraembætti. Á árinu 1988 var hún skipuð til þess, sem sérstakur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, að annast meðferð kæru á hendur hæstaréttarlögmanni vegna meintra brota á almennum hegningarlögum. Hún hefur tvívegis verið formaður nefndar, sem samdi lagafrumvarp. Hún var á árinu 1984 skipuð í starfshóp sem falið var að gera tillögur samkvæmt þingsályktun 20. desember 1983 um skipulegar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna. Þá var hún formaður nefndar á árunum 2001 til 2002 sem dómsmálaráðherra fól að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis.

*Þorgeir* var settur ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum 1999 til 2003. Á árunum 1996 til 1999 var hann settur umboðsmaður Alþingis í nokkrum málum. Í umsókn hans kemur fram að hann hafi haft með höndum umfangsmikil og fjölbreytt stjórnarsýsluverkefni. Hann var deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands 1994 - 1996, varaforseti háskólaráðs Háskóla Íslands (vararektor) 1995 - 1996, sat um hríð í námsnefnd lagadeildar Háskóla Íslands og átti sæti í stjórn Happpdrættis Háskóla Íslands frá 1994 - 2003. Hann var formaður samráðsnefndar Háskóla Íslands um kjaramál frá 1995 - 1996, formaður laganefndar Háskóla Íslands á árunum 1995 - 1997 og varamaður í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands á árunum 2000 - 2005. Hann hefur átt sæti í mörgum nefndum til að endurskoða lög og semja lagafrumvörp. Hann var formaður áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum 1984 til 1990, formaður tölvunefndar frá 1986 - 1999, formaður prófnefndar löggiltra fasteigna- og skipasala 1987 - 1999, sat í kjaranefnd frá 1993 - 1997, formaður stjórnar tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta 2000 - 2003. Þá sat hann í prófnefnd verðbréfamiðlara 1989 - 1992, var formaður stjórnar Tryggingardeildar útflutningslána 1999 - 2003, sbr. lög nr. 61/1997 og í stjórn Tryggingasjóðs sparisjóða 2000 - 2003. Hann átti sæti í samráðsnefnd sem fjallaði um gerð tvísköttunar- og

fjárfestingarsamninga 1999 - 2003. Á árunum 1998 - 2002 var hann varamaður í óbyggðanefnd og varafulltrúi Íslands í bankaráði Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu 1999 - 2003. Þá var Þorgeir settur bæjarfógeti í Siglufirði hluta sumars 1981 og í Vestmannaeyjum hluta sumars 1986.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að Þorgeir standi fremst að vígi varðandi reynslu af störfum í stjórnslu og vegur þar þyngst reynsla hans af starfi sem ráðuneyttisstjóra auk annarrar fjölbreyttrar reynslu í stjórnslu. Á eftir honum koma þeir Benedikt Bogason og Eiríkur Tómasson sem hafa fjölbreytta reynslu af stjórnslu og eru ekki efni til að gera upp á milli þeirra. Á eftir þeim kemur síðan Gréta og þá Sigríður og loks Helgi.

## *5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

### *5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

*Benedikt* hefur verið kennari við lagadeild Háskóla Íslands samfellt frá haustmisseri 1993. Hann var ráðinn aðjúnkt við deildina frá 1998, lektor í hlutastarf 2002 í 3 ár og frá 2005 hefur hann verið í hálfu starfi sem dósent við deildina eða í rúmlega 6 ár. Kennslugreinar hans hafa verið á sviði kröfuréttar og réttarfars í grunnnámi, auk þess sem hann hefur kennt kjörgreinar á þeim réttarsviðum í framhaldsnámi. Frá árinu 2003 hefur hann haft umsjón með kjörgreinum í fullnusturéttarfari og skuldaskilarétti, auk þess sem hann kenndi reglur um kröfuábyrgðir í kjörgreinum á árunum 1995 - 2008. Þá hefur hann verið leiðbeinandi fjölda nemenda við ritun kandidats- og meistararitgerða. Þá kenndi hann í nokkur skipti á árunum 1996 til 2002 reglur um kröfuábyrgðir á námskeiðum fyrir lögfræðinga og á námskeiðum til undirbúnings fyrir þá sem þreyttu próf til að öðlast starfsréttindi sem verðbréfamiðlarar á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. *Benedikt* hefur átt sæti í tveimur dómnefndum til að meta hæfi umsækjanda um starf svo og framgang.

*Eiríkur* var stundakennari í lögfræði við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands háskólaárið 1976 - 1977. Frá hausti 1977 til hausts 1994 var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands, með nokkrum hléum. Fyrri hluta ársins 1983 var hann settur dósent við lagadeild og frá 1. september 1983 ráðinn aðjúnkt við deildina.

Kennslugreinar hans á þessu tímabili voru refsiréttur, sakamálaréttarfar (opinbert réttarfar), stjórnskipunarréttur, stjórnarsýsluréttur (stjórnarfarsréttur) og eignaréttur. Eiríkur hefur verið prófessor í rúmlega 16 ár, en hann var skipaður í það starf við lagadeild í ársbyrjun 1995. Hefur hann haft umsjón með kennslugreinunum *Réttarfar I* (dómstólaskipan og almennt einkamálaréttarfar) og *Réttarfar II* (sakamálaréttarfar) í BA-námi (grunnnámi), auk kjörgreinarinnar *Hlutverk dómara og lögmanna* í meistaranámi (kjörnámi). Fram til 2003 hafði hann jafnframt umsjón með kjörgreinunum *Fullnusturéttarfar* og *Skuldaskilaréttur* og fram til 2006 með kjörgrein um alþjóðlegan höfundarétt sem í upphafi var kennd á íslensku undir heitinu *Alþjóðlegur höfundaréttur*, en síðar á ensku undir heitinu *International Copyright Law*. Á árinu 2001 tók hann við umsjón með greininni *Stjórnskipunarréttur ásamt þjóðarétti*, sem kennd er í BA-námi, og hafði frá 2002 - 2010 umsjón með henni, ásamt öðrum prófessor. Á þessu tímabili hefur hann m.a. annast kennslu í einkamálaréttarfari, sakamálaréttarfari, skiptarétti, stjórnskipunarrétti og alþjóðlegum höfundarétti. Enn fremur hefur hann verið andmælandi við doktorsvörn við lagadeild 2005 og umsjónarkennari með námi doktorsnema við deildina er lauk með doktorsgráðu 2009.

*Gréta* annaðist stundakennslu í lögfræði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands á vorönn 1999 á námskeiði sem kallaðist Lögfræði B. Námsefnið var um aðfarargerðir, nauðungarsölu, gjaldþrotaskipti og stjórnarsýslu. Þá annaðist hún kennslu um ágreiningsmál um forsjá barna á námskeiði um forsjármál á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands.

*Helgi* var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á haustmíssum árin 2001-2003 og kenndi námsefni í almennum hluta refsiréttar. Þá hefur hann verið nokkrum sinnum prófdómari í Almennri lögfræði við sömu deild og prófdómari í nokkrum mastersritgerðum laganema á sviði refsiréttar. Hann hefur aðstoðað við kennslu í kjörgreininni „Hlutverk dómara og lögmanna við meðferð dómsmála“ við sömu deild frá árinu 1999 og kenndi hluta námsefnis 2009 og 2010. Einnig hefur hann árlega frá árinu 2006 annast kennslu á námskeiði til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda þar sem kennsluefnið hefur verið munnlegur málflutningur og ýmis atriði er varða hegðun og framkomu lögmanna fyrir dómi.

Helgi kenndi sambærilegt efni á námskeiði Lögmannafélags Íslands fyrir starfandi lögmennt í febrúar 2011. Hann var fulltrúi Íslands í sérfræðinefnd um samræmingu refsinga milli landa í Evrópuráðinu í Strassborg á árunum 1990 - 1992.

*Sigríður* sinnti nokkurri kennslu við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1984 - 1988 og aftur 2005 - 2006 svo og 2009 og 1985 - 2000 við lagadeild sama skóla, svo og við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2005 - 2008. *Sigríður* hefur verið prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2002. Þá flutti hún fyrirlestur á félagsvísindasviði Háskóla Íslands á árinu 2009. Árin 2008 - 2011 hefur hún sinnt kennslu á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, nú innanríkisráðuneytisins, um kröfugerð í einkamálum á námskeiði til undirbúnings prófs til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

*Þorgeir* hóf kennslu við lagadeild Háskóla Íslands haustið 1981 sem stundakennari. Hann varð aðjúnkt 1982 og dósent 1984 - 1986. Kennsla hans á árunum 1981 - 1984 var umfangsmikil þar sem hann kenndi veðrétt að öllu leyti og kröfurétt og eignarétt til hálfis á móti prófessorum í greininni. Þorgeir gegndi síðan stöðu prófessors við sömu deild frá 1986 - 1999. Hann hefur þannig samtals sinnt lagakennslu í 18 ár, þar af 13 ár í stöðu prófessors, tvö ár sem dósent og þrjú ár sem stundakennari. Kennslugreinar hans voru kröfuréttur, eignaréttur, veðréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur og raunhæf verkefni. Þá hafði hann um tíma umsjón með kennslu í vörumerkja-, einkaleyfa- og samkeppnisrétti. Þorgeir átti sæti í nokkrum dómnefndum til að meta hæfi umsækjenda um kennslustörf á háskólastigi, *ad hoc* í prófnefnd til að meta málflytningsraun skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 61/1942 og hefur frá árinu 2006 setið í einni doktorsnefnd á vegum lagadeildar Háskóla Íslands. Á starfsárum hans við lagadeild Háskóla Íslands stundaði Þorgeir rannsóknir á kennslu- og fræðasviðum sínum við erlenda háskóla. Tvívegis var hann við rannsóknir í eignarétti, kröfurétti og hugverka- og auðkennarétti við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla (6 mánuði), á sviði veðréttar og kröfuréttar við lagadeild háskólans í Apenu í Grikklandi (6 mánuði), og í veðrétti og eignarétti við lagadeild ríkisháskólans í Berkeley í Kaliforníu í Bandaríkjunum (8 mánuði). Eftir að Þorgeir lét af föstu starfi við lagadeild Háskóla Íslands hefur hann sinnt fræðirannsóknum og skrifum svo og kennslu á sviði lögfræði eftir því sem aðstæður hafa leyft. Hann

kenndi um hrið sem stundakennari veðrétt og kröfurétt við lagadeild Háskóla Íslands og hefur af og til verið umsjónarkennari eða prófdómari í kandidats- og meistararitgerðum við þá deild og við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Hann hefur einnig kennt kröfurétt sem stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst, og sumarið 2008 skipulagði hann sumarnámskeið í kauparétti við þá lagadeild og kenndi allt námskeiðið. Frá árinu 2009 hefur hann átt sæti í fagraði Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík.

Af framansögðu er ljóst að *Eiríkur* og *Þorgeir* hafa lengsta kennslureynslu. Nær reynsla þeirra beggja til svo langs tíma að ekki eru sérstök efni til að gera upp á milli hæfni þeirra tveggja. Standa þeir að þessu leyti frammar öðrum umsækjendum. Þar á eftir kemur *Benedikt*. Kennslureynsla annarra er miklum mun minni og er ekki ástæða til að gera þar upp á milli *Helga* og *Sigríðar*.

#### 5.5.2. *Útgefnar greinar og bækur, fræðilegir fyrirlestrar, ritstjórn o.fl.*

Fjórir umsækjenda hafa sinnt fræðilegum rannsóknum og skrifum á sviði lögfræði en það eru þau *Benedikt*, *Eiríkur*, *Helgi* og *Þorgeir*.

*Benedikt* er höfundur og meðhöfundur tveggja útgefinna ritverka á sviði lögfræði og hefur lagt fram eða birt 13 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælis- og vísindaritum og útgefnum skýrslum. Bækurnar eru (1) *Dómar um kröfuábyrgð 1886-2003* (2004) og (2) *Kröfuréttur I - Efndir kröfu* (2009). Samið ásamt *Þorgeiri Örlygssyni* og *Eyvindi G. Gunnarssyni*. Í formála er þess getið að af sjö köflum ritsins hafi *Benedikt* ritað sjötta kafla um réttarlegar kröfur til greiðslu. Að baki síðastnefndu riti liggja augljóslega umfangsmiklar rannsóknir og virðist óhætt að fullyrða að það hafi að geyma bæði sjálfstætt fræðilegt framlag og raunhæfa þýðingu fyrir störf lögfræðinga. Í umsókn *Benedikts* kemur fram að hann hefur lagt fram eða birt 13 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælisritum og útgefnum skýrslum og eru fjórar af þeim ritrýndar tímaritsgreinar. Sjö greinanna eru á sviði kröfuréttar, tvær á sviði refsiréttar og fjórar á sviði réttarfars. Eftirtaldar þrjár greinar *Benedikts*, sem birtust í *Tímariti Lögfræðinga*: „Um kröfuábyrgð, stofnun og ógildi“ (1997), „Skuldbinding ábyrgðarmanns samkvæmt kröfuábyrgð“ (2000) og „Lok kröfuábyrgðar“ (2006) ásamt fyrrnefndu riti „Dómar

um kröfuábyrgð 1886 - 2003" (2004) fjalla öll um kröfuábyrgð og vantar ekki mikið upp á að þar sé um að ræða heildstæða umfjöllun um íslenskan rétt um þetta mikilsverða svið kröfuréttarins. Rannsóknir Benedikts sem birtast í þessum skrifum hafa að geyma sjálfstætt fræðilegt framlag svo og mikla raunhæfa þýðingu fyrir störf lögfræðinga þar sem þær eru óumdeilanlega grundvallarrit á þessu fræðasviði íslenskrar lögfræði enda notaðar við kennslu, ráðgjöf, málflutning og dómstörf hér á landi. Loks hefur umsækjandinn haldið fjóra fyrirlestura og erindi á fundum, ráðstefnum og málþingum.

*Eiríkur* hefur birt alls sjö fræðirit um lögfræði og að auki eitt rit, sem hann er skráður höfundur að ásamt öðrum. Þetta eru ritin (1) Réttlát málsmeðferð fyrir dómi. - Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Gefið út af Bókaútgáfu Orators, 1999. (2) Þvingunarráðstafanir í þágu meðferðar sakamála (opinberra mála). Gefið út af Úlfjótí, tímariti laganema, 2000. Önnur útgáfa, endurskoðuð 2009. (3) Meginreglur sakamálaréttarfars (opinbers réttarfars). Gefið út af Úlfjótí, tímariti laganema, 2002. Önnur útgáfa, endurskoðuð 2009. (4) Réttarstaða sakbornings og verjanda. Gefið út af Úlfjótí, tímariti laganema, 2004. Önnur útgáfa, endurskoðuð 2009. (5) Endurskoðun ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið, ásamt Aðalheiði Jóhannsdóttur. Gefið út af Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008. (6) Dómar í sakamálaréttarfari. Gefið út af Bókaútgáfunni Codex, 2009. (7) Rannsókn sakamála. Gefið út af Úlfjótí, tímariti laganema, 2011. Þá hefur hann skrifað tvo bókarkafla í fræðirit og alls 46 fræðigreinar, sem birst hafa í tímaritum eða verið gefnar út með öðrum hætti, auk eins útgefins fyrirlesturs og eru þrjár þeirra ritrýndar tímaritsgreinar. Af þessum tímaritsgreinum eru 23 á sviði réttarfars, þar af fjalla tvær um almennt einkamálaréttarfar og álitaefni á því sviði, 13 um sakamálaréttarfar, ein um gjaldþrotaskipti, þrjár um sönnun, tvær um dómara og dómstóla, ein um lögmennt og loks ein um réttarfar í ljósi réttarsögu. Þá eru sex greinar á sviði stjórnisýsluréttar, fimm á sviði stjórnskipunarréttar og þrjár á sviði mannréttinda. Þá eru sjö greinar á sviði höfundaréttar. Ennfremur fjallar ein grein um framtíðarskipan laganáms og loks verður ein grein ekki felld með góðu móti í einn flokk, þ.e. *Eiga sérhagsmunir að vera réttærri almannahagsmunum?* sem birtist í Úlfjótí 2008, 3. tbl., en þar er fjallað jöfnum höndum um réttarfar, þ.e. sönnun, og



efni á sviði stjórnisýsluréttar. Í skrifum Eiríks á sviði stjórnisýsluréttar var hann frumkvöðull þess að sett yrðu almenn stjórnisýslulög og að vinnubrögð og málsmeðferð í stjórnisýslunni yrðu bætt hér á landi. Með þessum tímaritsgreinum vann hann án efa mikilsvert brautryðjendaverk. Í kafla 5.9.1. verður nánar vikið að rannsóknum og skrifum Eiríks á sviði réttarfars. Frá árinu 1999 hefur Eiríkur haldið alls 53 fræðileg erindi um margvísleg lögfræðileg efni. Í umsókn lætur hann þess getið að Hæstiréttur Svíþjóðar hafi í dómum sínum 15. júní 2000 og 11. apríl 2002 vitnað til beggja greina hans um alþjóðlegan og norrænan höfundarétt, sem birtust í tímaritinu *Nordisk Immateriellt Rättsskydd (NIR)* árin 1997 og 2001. Í umsókn hans kemur fram að samhliða kennslu hafi hann stundað lögfræðirannsóknir, einkum á sviði sakamálaréttarfars, stjórnskipunarréttar og höfundaréttar. Í rannsóknaleyfum á árunum 1999, 2001 og 2007 hafi hann stundað rannsóknir við Kaupmannahafnarháskóla, í hvert sinn um nokkurra vikna skeið. Þá hafi hann dvalið árið 2001 í þrjár vikur við Háskólann í Pittsburgh í Bandaríkjunum sem gistikennari. Frá 1996 hafi hann verið einn af ritstjórum *Nordisk Immateriellt Rättsskydd* sem sé samnorrænt fræðirit á sviði hugverkaréttar.

*Helgi* hefur lagt fram þrjár birtar fræðilegar greinar og eru þær allar á sviði refsiréttar. Grein hans „Heimildir dómstóla til að beita ólögsmæltum meginreglum við ákvörðun refsingar“ hefur að geyma niðurstöður rannsókna hans á réttarframkvæmd á ólögsmæltum meginreglum, fordæmum og dómvenjum sem litið er til við ákvörðun refsingar. Greinin hefur ákveðið fræðilegt framlag og raunhæfa þýðingu fyrir störf lögmenn og dómara.

*Sigríður* lét bók fylgja umsókn sinni sem ber heitið (1) Gagnaöflun í forsjármálum (1996) og hefur hún að geyma sjálfstætt fræðilegt framlag og raunhæfa þýðingu fyrir störf lögfræðinga á því sviði sem það varðar. Nýtur þar langrar dómara-reynslu Sigríðar og rannsókna á þessu sviði. Í umsókn Sigríðar er síðan greint frá 17 ritverkum hennar um lögfræðileg efni, auk meistaraþrófsritgerðar, en flest ritverkin hafa birst í íslenskum lögfræðibókum eða tímaritum. Er í mörgum þeirra fjallað um réttarfars, s.s. um valdmörk dómstóla, um sjálfstæði þeirra og traust, meðferð dómsvaldsins, rökstuðning dóma og faglegt mat á hæfni dómaraefna. Þá hefur hún ritað nokkrar greinar er lúta að sönnunarfærslu fyrir dómi, s.s. um

skýrslutökur af börnum fyrir dómi, læknisfræðileg gögn í dómsmálum og um þýðingu DNA-rannsókna fyrir niðurstöðu dómsmála. Sigríður hefur einnig ritað greinar á sviði stjórnsýsluréttar um lög um vernd barna og ungmenna, um starfsemi barnaverndarráðs og umdæmaskipan barnaverndarnefnda o.fl. og á sviði barnaréttar. Af greinunum hafa tvær verið ritrýndar sem tímaritsgreinar. Auk þess getur Sigríður um 16 fyrirlestra og erindi, sem hún hefur haldið á fundum, ráðstefnum og málþingum.

*Þorgeir* er höfundur og meðhöfundur fimm útgefna ritverka á sviði lögfræði og hefur lagt fram eða birt 37 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælis- og vísindaritum og útgefnum skýrslum. Bækurnar eru (1) Þinglýsingar – Mistök í þinglýsingum – Réttarreglur (1993). (2) Einkaleyfaréttur (1997), samið ásamt Jóni L. Arnalds. (3) Veðréttur (2002). (4) Kauparéttur – Skýringar á lögum um lausafjárkaup og neytendakaup (2007), samið ásamt Áslaugu Árnadóttur og Stefáni Má Stefánssyni samkvæmt nánari verkaskiptingu, sem grein er gerð fyrir í formála ritsins. (5) Kröfuréttur I – Efnidir kröfu (2009), samið ásamt Benedikt Bogasyni og Eyvindi G. Gunnarssyni. Í formála er þess getið að af sjö köflum ritsins hafi Þorgeir ritað fyrstu fimm kafla þess. Að baki ritum þessum liggja augljóslega umfangsmiklar rannsóknir og virðist óhætt að fullyrða að bækur þessar á sviði þinglýsinga, veðréttar, kröfuréttar, kauparéttar og einkaleyfa hafi að geyma mikið sjálfstætt fræðilegt framlag og hafa þær jafnframt mikla raunhæfa þýðingu fyrir störf lögfræðinga þar sem þær eru óumdeilanlega grundvallarrit á þessum fræðasviðum íslenskrar lögfræði, enda notaðar við kennslu, ráðgjöf, málflutning og dómstörf hér á landi. Í umsókn Þorgeirs kemur fram að hann hefur lagt fram eða birt 37 ritgerðir og greinar um lögfræði í tímaritum, safnritum, afmælisritum og útgefnum skýrslum og eru þrjár af þeim ritrýndar tímaritsgreinar. Um er að ræða fimm greinar og ritgerðir á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar, ein almenns efnis, tvær sem varða EES-samninginn, þrjár á sviði persónuverndar og friðhelgi einkalífs, 14 á sviði samninga- og kröfuréttar og 12 greinar og ritgerðir á sviði eigna- og veðréttar. Hann hefur tekið saman 11 fjölrituð hefti með efni um lögfræði til kennslu á háskólastigi, þ.e. sjö kennsluhefti á sviði eigna- og veðréttar og fjögur á sviði kröfuréttar. Hann hafði yfirumsjón með þýðingu enskra lagahugtaka í Ensk-Íslenskri orðabók Sörens

Sörenssonar, sem út kom í Reykjavík 1984. Þorgeir hefur birt margar stórar ritgerðir sem byggja á umfangsmiklum rannsóknum um nokkra af helstu grundvallarþáttum íslensks kröfuréttar. Má þar nefna greinarnar sem birst hafa í Tímariti lögfræðinga, Úlfljóti og Bifröst um skuldaraskipti, kröfuhafaskipti, afslátt, skuldajöfnuð, greiðslutíma og greiðslustað, efndir *in natura* og efndabætur. Fleiri greinar, sem Þorgeir hefur ritað, hafa að geyma mikið fræðilegt framlag til íslensks réttar eins og t.d. grein sú, sem hann ritaði um Lögfestingu almennra ógildingarreglu í III. kafla laga nr. 7/1936 sem birtist í Tímariti lögfræðinga 2. hefti 1986 sem og greinin „Skráning persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs – Stjórnarskrárvernduð mannréttindi“ sem birtist í Skæðagrösum, afmælisriti tileinkað Sigurjóni Björnssyni sjötugum 1997. Sem skýrt dæmi um þetta má nefna nýjustu grein hans, Efndabætur, sem birtist í 3. tbl. Úlfljóts 2011. Til Grundvallar þeim ályktunum sem dregnar eru í greininni, sem er 93 blaðsíður að lengd og hefur að sögn Þorgeirs verið í smíðum í meira en áratug, er að finna niðurstöður rannsóknar hans og greiningu á öllum dómum Hæstaréttar Íslands sem varða skaðabætur innan samninga, og er þar vitnað til 193 íslenskra dóma til stuðnings niðurstöðum auk fjölmargra norrænna. Með þessari grein er þessu efni í fyrsta skipti gerð heildstæð skil í íslenskri lögfræði, og hefur greinin ótvírætt bæði fræðilegt og hagnýtt gildi. Þorgeir hefur átt sæti í ritnefnd þriggja afmælisrita á sviði lögfræði, þ.e. í ritnefnd afmælisrits sem gefið var út árið 2001 í tilefni sjötugsafmælis dr. Gunnars G. Schram, prófessors. Þá átti hann sæti í ritnefnd afmælisrits sem gefið var út árið 2005 í tilefni af 10 ára afmælis EFTA-dómstólsins. Enn fremur átti hann sæti í ritnefnd afmælisrits sem gefið var út árið 2009 í tilefni sjötugsafmælis Björns Þ. Guðmundssonar prófessors. Í umsókn Þorgeirs er þess getið höfundur hafi haldið fjölmarga fyrirlestra. Sérstaklega er getið um fjóra sem voru á sviði alþjóðlegs einkamálaréttar - EES samninginn. 11 þeirra á sviði eigna- og veðréttar, 6 á sviði samninga- og kröfuréttar, og 8 á sviði persónuverndar og friðhelgi einkalífs.

Þegar litið er til þeirra stóru grundvallarrita, sem komið hafa út eftir Þorgeir, þykir hann standa hér fremst. Á eftir honum kemur *Eiríkur* og síðan *Benedikt*. Þar næst kemur *Sigríður* og loks *Helgi*.

## 5.6. *Reynsla af stjórnun*

*Benedikt* var skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og stýrði lagaskrifstofu ráðuneytisins 1997 - 2001. Þá hefur hann verið dómstjóri Héraðsdóms Vesturlands frá 1. desember 2003. Hann hefur átt sæti í dómstólaráði frá 2007. *Benedikt* varð formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur í mars 1991. Hann var endurkjörinn formaður nefndarinnar vorið 1994 og gegndi því starfi til vors 1998. Hann hefur verið formaður útvarpsréttarnefndar frá árinu 2004. *Benedikt* var formaður stjórnar Félagsstofnunar stúdenta 1990 - 1992. Hann hefur átt sæti í skólanefnd Menntaskólans við Hamrahlíð frá árinu 1989 og var kjörinn formaður nefndarinnar í árslok 2000. Hann átti sæti í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1994-2008 og var formaður félagsins 2005 - 2008. Hann var formaður stjórnar sjóðsins Samhugur í verki, styrktarsjóðs fórnarlamba náttúruhamfara, 1998 - 2001. Frá árinu 1998 hefur hann átt sæti í stjórn Félagsbústaða hf. Loks átti hann sæti í stjórn Dómarafélags Íslands 2003 - 2009.

*Eiríkur* hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra STEFs í tæp 24 ár eða frá árinu 1987. Einnig var hann í 15 ár einn af meðeigendum lögmannsstofu og kemur fram í umsókn hans að það hafi komið í hans hlut að stýra fjármálum hennar á þeim tíma. Hann gegndi stöðu forseta lagadeildar Háskóla Íslands 1. júlí 2002 til 30. júní 2005 og varadeildarforseta 1. júlí 2000 - 30. júní 2002 og 27. janúar 2009 til 30. júní 2010. Hann var varaforseti háskólaráðs Háskóla Íslands 1. júlí 2004 til 30. júní 2006 og jafnframt staðgengill háskólarektors þann tíma. Hann var varaformaður svonefndrar fullnustumatsnefndar 1984 - 1986 er starfaði samkvæmt starfsreglum fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2004 hefur hann verið formaður úrskurðarnefndar um upplýsingamál skv. V. kafla upplýsingalaga nr. 50/1996. Frá ársbyrjun 1999 til ársloka 2006 hefur hann verið formaður prófnefndar skv. 7. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt. Hann var formaður Lögfræðingafélags Íslands 1986 - 1988 og átti sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands 1984 - 1986. Hann hefur setið í stjórn Hafréttarstofnunar Háskóla Íslands frá 2002, þar af sem formaður hennar 2007 - 2009. Þá átti hann sæti í kennslumálanefnd Háskólans 1995 - 2001. Hann hefur setið í stjórn Innheimtumiðstöðvar gjalda skv. 11. gr. höfundalaga frá 1988, þar af sem formaður hennar frá 2001. Hann hefur átt sæti í

stjórn Samtóns, samstarfsvettvangs rétthafa á sviði tónlistar, frá 2002 og í stjórn Tónskáldasjóðs Ríkisútvarpsins frá sama tíma. Hann hefur verið formaður Höfundaréttarfélags Íslands frá 2000 og setið í stjórn *Nordisk Copyright Bureau (NCB)*, sem eru samnorræn höfundaréttarsamtök, frá 1988. Árið 1988 var hann kjörinn einn af endurskoðendum *Confédération Internationale d'Auteurs et Compositeurs (CISAC)*, sem er alþjóðasamband höfundaréttarsamtaka, og gegndi því trúnaðarstarfi til 1996.

*Gréta* var borgarfégeti árunum 1988 - 1992. Fram kemur í umsókn hennar að síðustu mánuðina í starfi hennar sem borgarfégeti hafi hún starfað sem yfirmaður skiptaréttarins og hafi þá séð, auk hefðbundinna starfa skiptaráðandans, um úthlutun verkefna til dómarafulltrúa, fjárvörslu og bókhald. Hinn 1. júlí 1992 var hún skipaður deildarstjóri við embætti sýslumannsins í Reykjavík og jafnframt staðgengill sýslumanns frá sama tíma. Hún var deildarstjóri í skiptadeild embættisins. Þá hafi hún séð um bókhald deildarinnar auk þess sem hún hafi haldið áfram að sjá um bókhald gamla skiptaréttarins þar til það var endanlega yfirtekið af ríkisbókhaldi. *Gréta* var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1994 - 1999, en meginstarf hennar hafi þá falist í daglegri stjórnun skrifstofunnar, s.s. starfsmannastjórnun. Frá 1998 til 2006 gegndi *Gréta* starfi formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Hinn 1. desember 2010 var hún skipuð í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Á árinu 2008 var hún settur formaður þessarar sömu nefndar í tveimur málum.

*Helgi* hefur verið dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur samfelld frá 1. júlí 2003 eða í hartnær 8 ár. Við dómstólinn hafa lengst af starfað 20 dómara, en þeir eru nú 24 talsins auk dómstjóra. Samanlagður starfsmannafjöldi dómstólsins er 55 manns og er dómstóllinn þrisvar sinnum stærri en næst stærsti héraðsdómstóllinn. Vegna stærðar sinnar er dómnefnd þeirrar skoðunar að Héraðsdómur Reykjavíkur hafi sérstöðu varðandi eðli og umfang þess rekstrar sem að stjórnun dómstjóra lýtur og verði að meta stjórnunarreynslu *Helga* í því ljósi.

Þá hefur hann verið varaforseti Félagsdóms samfelld frá árinu 2001 og dómsforseti í tuttugu og tveimur málum.

*Sigríður* var, eins og áður segir, formaður Barnaverndarráðs í samtals níu ár. Hún hefur tvívegis verið formaður nefndar, sem samdi lagafrumvarp. Þá var hún

formaður nefndar á árunum 2001 - 2002 sem dómsmálaráðherra fól að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis. Á árunum 1998 - 2004 átti hún sæti í dómnefnd um héraðsdómaraembætti. Hún sat í stjórn Dómarafélags Íslands í þrjú ár og í stjórn Lögfræðingafélagsins í þrjú ár, auk þess að vera formaður Íslandsdeildar Amnesty International í tvö ár.

*Þorgeir* var deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands á árunum 1994 - 1996 og varaforseti háskólaráðs frá 1995 - 1996 og vararektor í eitt ár. Þá var *Þorgeir* settur ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum 1999 - 2003. Hann var settur bæjarfógeti á Siglufirði hluta sumars 1981 og í Vestmannaeyjum hluta sumars 1986. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 1982 - 1985. Hann var formaður áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum 1984 - 1990, formaður tölvunefndar 1986 til 1999, formaður prófnefndar löggiltra fasteigna- og skipasala 1987 til 1999, formaður samráðsnefndar Háskóla Íslands um kjaramál 1995 - 1996, formaður laganefndar háskólaráðs Háskóla Íslands 1995 - 1997, formaður stjórnar tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta 2000 - 2003. Þá sat hann í prófnefnd verðbréfamiðlara 1989 - 1992, í kjaranefnd 1993 - 1997, í stjórn Happpdrættis Háskóla Íslands 1994 - 2003 og í stjórn Tryggingasjóðs sparisjóða 2000 - 2003. Hann var varamaður í óbyggðanefnd í fjögur ár og í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands í fimm ár og var varafulltrúi Íslands í bankaráði endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu í London í fjögur ár. Hann var formaður stjórnar Tryggingadeildar útflutningslána í fjögur ár. Þá gegndi hann formennsku í mörgum nefndum sem samið hafa frumvörp til laga.

Að því er varðar reynslu af stjórnun þykir *Þorgeir* standa öðrum umsækjendum frammar og vegur þar þyngst stjórnunarreynsla hans vegna starfs ráðuneytisstjóra. Þar á eftir kemur *Eiríkur* og síðan *Helgi*. Þar næst koma *Benedikt* síðan *Gréta* og þá *Sigríður*.

#### 5.7. Reynsla af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

*Benedikt* getur um 17 lagafrumvörp sem hann hafi samið og er þar bæði um að ræða lagafrumvörp sem hann hefur samið á vegum nefnda svo og frumvörp sem honum hefur einum verið falið að semja. Þá getur hann um 11 frumvörp sem samin hafa

verið á vegum nefnda sem hann hefur átt sæti í og tekið þátt í að semja með öðrum. Þá hefur hann verið formaður þriggja nefnda sem samið hafa lagafrumvörp

*Eiríkur* hefur átt sæti í réttarfarsnefnd sem samið hefur fjölmörg frumvörp. Hann hefur átt sæti í höfundaréttarnefnd frá 1996 sem samið hefur þrjú frumvörp. Þá hefur hann einnig átt sæti í fjölmörgum öðrum nefndum sem samið hafa um tíu lagafrumvörp.

*Sigríður* hefur átt sæti í tveimur nefndum, sem sömdu lagafrumvörp.

*Þorgeir* hefur setið í 14 nefndum, sem sömdu lagafrumvörp, og hefur verið formaður eða leitt starf vinnuhópa sem samið hafa frumvarp í sex tilvikum. Þá hefur hann ýmist einn eða í samstarfi við aðra samið lagafrumvörp í níu tilvikum. Þá tók Þorgeir sem áheyrnarfulltrúi viðskiptaráðuneytisins þátt í störfum norræns vinnuhóps, sem vann að samningu norræns frumvarps til laga um lausafjárkaup á árunum 1982-1984 en skýrsla hópsins varð síðar grundvöllur og fyrirmynd að setningu nýrra laga um lausafjárkaup í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi. Þá kemur fram í umsókn Þorgeirs að á starfstíma hans við lagadeild Háskóla Íslands hafi hann verið dómkvaddur til að meta verðmæti fasteigna- og hugverkaréttinda og til að meta örorku tjónþola í fjölda skaðabótamála, sem rekin hafi verið fyrir héraðsdómstólum landsins. Á sama tíma hafi hann ritað fjölda álitserða um lögfræðileg efni fyrir ráðuneyti, ríkisstofnanir, nefndir Alþingis, sveitarfélög, lífeyrissjóði, einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök.

Samkvæmt þessu hafa *Benedikt*, *Eiríkur* og *Þorgeir* mesta reynslu af viðfangsefnum á þessu sviði. Hvað þá þrjá varðar er reynsla þeirra svo rík að ekki verður gert upp á milli þeirra að þessu leyti. *Sigríður* kemur þar á eftir.

### 5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgerfi

Í 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu þrjá meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Af viðtölum við umsagnaraðila, sem fram fóru um umsækjendur, verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verði samkvæmt 3. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010.

*Benedikt* fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir yfirburðaþekkingu sína á sviði lögfræði og mikla reynslu af fjölbreyttum lögfræðistörfum og rannsóknum. Fram kom hjá Björgu Thorarensen prófessor að Benedikt hefði gengið sérlega vel að leysa verkefni sín af hendi, bæði í starfi sínu sem skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og sem háskólakennari. Hann væri afkastamikill og ynni hluti hratt, vel og hnitmiðað þrátt fyrir að hann hefði mörg ólík verkefni í gangi á sama tíma. Hann gengi fuðlaust og ákveðið að öllum verkum. Hann hefði einnig verið afkastamikill í rannsóknum sem dósent í hlutastarfi þrátt fyrir miklar annir í öðrum störfum. Þá væri Benedikt meðal þeirra kennara lagadeildar sem fengju besta umsögn nemenda í kennslukönnunum á hverju ári og væri venjulega meðal þriggja hæstu kennara í einkunn sem nemendur gefa fyrir frammistöðu. Björn Friðfinnsson fyrrverandi ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumálaráðuneytisins tók fram að Benedikt væri afar hæfur og dugmikill samstarfsmaður. Hann væri maður léttur í skapi og skemmtilegur í daglegri umgengni. Hann byggi yfir miklum hæfileikum og ætti létt með að virkja samstarfsmenn sína til verka og væri fljótur að einbeita sér að aðkallandi verkefnum. Hann hefði unnið verkefni sín mjög vel enda þótt hann hefði oft verið að vinna þau undir miklu álagi. Valtýr Sigurðsson fyrrverandi ríkissaksóknari tók fram að Benedikt væri afburða fljótur að sjá kjarna hvers vandamáls og leysa úr honum á lögfræðilegan hátt. Hann væri ákveðinn og kæmi sjónarmiðum sínum skýrt á framfæri. Hann væri sömuleiðis tilbúinn til að hlusta á rök annarra og fallast á þau teldi hann þau vega þyngra sínum. Umsagnaraðilum bar öllum saman um að Benedikt ætti mjög auðvelt með öll mannleg samskipti. Eini ókostur Benedikts, sem talinn var til, var sá að Benedikt gæti verið óþolinmóður



vegna ákafa hans að vinna öll mál hratt og örugglega og eyða ekki of miklum tíma í aukaatriði.

*Eiríkur* fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir að hafa yfirgripsmikla þekkingu á lögum, fyrir að viðhafa vönduð vinnubrögð í störfum sínum og sýna jafnan yfirvegun frammi fyrir erfiðum úrlausnarefnum. Páll Skúlason prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands tók fram að *Eiríkur* væri heiðarlegur, vandaður og yfirvegaður maður sem kynni að beita fræðilegri og gagnrýnni hugsun og hefði verið ákaflega drífandi í starfi sínu sem deildarforseti og ráðagóður í háskólaráði. Fram kom hjá Viðari Má Matthíassyni hæstaréttardómara og fyrrverandi prófessor við lagadeild Háskóla Íslands að *Eiríkur* hefði staðið sig mjög vel sem deildarforseti lagadeildar og væru margar umbætur sem gerðar hefðu verið á deildinni þau ár, sem hann var deildarforseti, honum að þakka. Hann væri mjög vel látinn kennari við lagadeild og hefði skrifað margar fræðigreinar. Þá kom fram að *Eiríkur* skrifi góðan texta og að greinar hans séu vel upp byggðar. Loks tók Viðar Már fram að *Eiríkur* hafi mikla þekkingu í lögfræði, ekki síst greinum sem sífellt sé verið að glíma við í úrlausnum Hæstaréttar, þ.e. sakamálaréttarfari, refsirétti, stjórnslururétti og einkamálaréttarfari og ýmsum mannréttindareglum. Fram kom hjá Árna Vilhjálmsyni hæstaréttarlögmanni að *Eiríkur* væri sterkur sem fræðimaður og þá alhliða í lögfræðinni. Hann væri framúrskarandi í hugverkarétti, refsirétti og sakamálaréttarfari. Hann kvað *Eirík* hreinskiptinn og ræða málin til enda. Þá kláraði hann allt sem hann tæki að sér. Eini ókostur við störf *Eiríks* sem fundið var að hjá Viðari Má var sá að *Eiríkur* hefði ekki ritað kennslubók um sakamálaréttarfar.

*Gréta* fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir að hafa mjög góða þekkingu á lögum, fyrir að viðhafa vönduð vinnubrögð og vera örugg og öguð í störfum sínum, fljót að leysa verk sín af hendi og góð í samstarfi. Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, sem vann með Grétu á embætti yfirborgarfégetans í Reykjavík, tekur fram að þegar hún hafi verið sett í dómaraembætti, sem borgarfégeti, frá 1. febrúar 1988 þegar hún tók við starfi borgarfégeta, sem hún gegndi á fimmta ár, hafi alger einhugur verið meðal yfirmanna við stofnunina um að leggja til við dómsmálaráðuneytið að henni yrði falið þetta starf, sem reyndist auðsótt að fá framgengt. Hún hafi verulega reynslu af starfi sem dómari við héraðsdómstóla og hafi fengist þar við flesta

málaflokka í meira eða minna mæli. Í nær 17 ár hafi hann verið í þeirri aðstöðu að sjá úrlausnir frá umsækjandanum innan um á þriðja þúsund dómsmála, sem hann hafi fengist við í núverandi starfi. Gögn í málum frá Grétu beri með sér að hún hafi mjög góð tök á reglum um meðferð mála fyrir dómi og hafi sinnt dómarastörfum af miklu öryggi. Efnislega hafi úrlausnir hennar í heildina litið verið með þeim bestu, sem borist hafa Hæstarétti á þessu tímabili. Að hans mati leiki enginn vafi á því að hún hefur sýnt í verki að hún sé í allra fremstu röð meðal héraðsdómara. Þá tekur Markús fram að Gréta hafi fína og fjölbreytta lögfræðilega þekkingu og hafi sýnt í úrlausnum sínum mikla færni við að tileinka sér ný svið, svo sem nú á síðustu misserum í mjög flóknum dómsmálum, sem tengjast slitum á fjármálafyrirtækjum. Hún sé vinnusöm, skjótvirk og öguð í verkum. Hún sé þannig skapi farin að mjög þægilegt sé að starfa með henni, enda ósérhlífin, tillitssöm og með góða kímniáfu. Fram kom hjá Friðgeiri Björnssyni fyrrverandi héraðsdómara og dómstjóra að Grétu hefði gengið mjög vel að leysa verkefni sín af hendi. Þau hefðu oft rætt saman um einstök lögfræðileg álitamál og hefði honum fundist hún ágætlega glöggskyggn á kjarna þeirra álitamála. Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, tók fram að Gréta væri góður lögfræðingur og dómari sem semdi skýran texta og leysti öll mál af ljúfmennsku og að því er virtist áreynslulaust. Gréta væri skynsöm, víðsýn og verkfús, og væri góður lögfræðingur, sem setti málavexti, málsástæður og rök fyrir niðurstöðum sínum fram á skýran hátt og tæki ákvarðanir án vandkvæða. Eini ókostur Grétu, sem talinn var til, var sá að vera mætti að svo ljúfmannleg hafi hún verið í framkomu að það hafi í einhverjum tilvikum bitnað á ákveðni í samskiptum við aðra, þótt hún hafi verið föst fyrir þegar hún vildi það með hafa.

*Helgi fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir að hafa mjög góða lögfræðilega þekkingu, vera skilvirkur í starfi og ákaflega farsæll og reynslumikill dómari. Fram kom hjá Ingibjörgu Benediktsdóttur hæstaréttardómara að Helgi leysti öll verk sín af hendi sem dómari mjög vel. Hann væri vel ritfær og dómar hans væru vel samdir, skýrir og vel rökstuddir. Varðandi skapgerð hans þá væri hann er jafnlyndur og góðgeðja. Fram kom hjá Friðgeiri Björnssyni fyrrverandi héraðsdómara og dómstjóra að Helga færi mjög vel úr hendi að semja dóma. Hann væri afkastamikill, sanngjarn og réttssýnn og hefði sterka skapgerð. Hjördís Hákonardóttir fyrrverandi*

hæstaréttardómari tók fram að Helga færi vel úr hendi að semja dóma. Hann væri mjög röskur til allra verka, hefði skýra sýn á málavexti, góða þekkingu á lögum og dómar hans væru hnitmiðaðir þar sem rök fyrir niðurstöðu kæmu fram á skýran hátt. Helgi væri góður dómari og einn af reynslumestu dómurum landsins. Hann væri fljótur að átta sig, rökfastur og ætti auðvelt með að taka ákvarðanir og væri ekki áhrifagjarn heldur sjálfstæður og vandaður starfsmaður. Eina ókost Helga taldi Hjördís vera að hann væri að hennar mati full fastur fyrir, en tók fram um leið að af mörgum myndi það talinn kostur frekar en löstur.

*Sigríður* fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir að vera góður, metnaðarfullur og duglegur dómari með afar víðtæka reynslu af dómstörfum og ætti hún einkar auðvelt með mannleg samskipti. Fram kom hjá Friðgeiri Björnssyni fyrrverandi héraðsdómara og dómstjóra að Sigríði hefði gengið vel að leysa verkefni sín af hendi. Hún velti álitamálum rækilega fyrir sér, e.t.v. full rækilega í einstaka máli, en slíkt hefði þó aldrei komið niður á afgangslu. Sigríður hefði lagt sig eftir að sinna fræðistörfum sem komið hefðu henni til góða við dómstörfin. Hún væri fær dómari með ljúfa skapgerð og með marga kosti sem dómara mættu prýða. Valtýr Sigurðsson fyrrverandi ríkissaksóknari og héraðsdómari tók fram að Sigríður væri sérstaklega fær við þau lögfræðilegu tök sem hún hefði á viðfangsefnum sínum. Hún væri sveigjanleg og þægileg í nálgun við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í fjölskipuðum dómum, en stefnuföst engu að síður. Það sem gerði Sigríði að góðum dómara væri löng og mjög víðtæk reynsla á mörgum sviðum sem tengdust starfinu. Ennfremur réttssýni, dugnaður, röggsemi við stjórnun þinghalda og virðing hennar fyrir starfinu. Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri tók fram að Sigríður hefði greinilega mikinn metnað og gerði sér far um að vanda vel til allra verka. Dómar hennar væri mjög vel rökstuddir og bæru vott um fagleg vinnubrögð. Hún hefði gott orð á sér og væri þægileg í öllu samstarfi og rækti dómarastarfið með miklum sóma. Umsagnaraðilar töldu sig ekki geta tilgreint neitt sérstakt sem Sigríði hefði ekki farist vel úr hendi.

*Dorgeir* fékk lof frá umsagnaraðilum fyrir yfirburðaþekkingu sína á sviði lögfræði, hæfileika sína til að greina flókin viðfangsefni og setja þau skýrt fram og leysa. Fram kom hjá Sveinbirni Björnssyni fyrrverandi rektor Háskóla Íslands að

Þorgeir hefði notið almenns trausts og virðingar þeirra sem með honum störfuðu innan Háskóla Íslands, en Þorgeir átti sæti í háskólaráði og var deildarforseti lagadeildar. Hann hefði verið skilvirkur og laginn við að ná fram niðurstöðu og árangri í misleitum hópum og umdeildum málum. Djúp þekking hans á lögum og hæfni hans til að setja fram flókin mál á skýran hátt hefði komið skýrt fram. Hann hefði sýnt frumkvæði, sjálfstæði og lagni í umdeildum málum. Henrik Bull hæstaréttardómari, við Hæstarétt Noregs, tók fram að í störfum sínum við EFTA dómstólinn hefði Þorgeir sýnt frábært innsæi og dómgreind, bæði í lögfræði og um almenn atriði. Hann nálgadist störf sín af auðmýkt og hefði bæði vilja og getu til að eiga gott samstarf við samstarfsmenn sína. Þorgeir væri yfirvegaður og rólegur í allri framgöngu og því ákaflega auðvelt að vinna með honum. Hann væri tilvalinn sem hæstaréttardómari þar sem Hæstiréttur Íslands hefði vafalítið þörf fyrir sérfræðiþekkingu Þorgeirs á sviði EES- og Evrópuréttar sem sífellt reyndi meira á. Kristín Haraldsdóttir, forstöðumaður Auðlindaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, sem vann með Þorgeiri við EFTA dómstólinn, sagði að Þorgeir væri áberandi skipulagður í vinnubrögðum og skýr í allri lögfræðilegri hugsun. Hann hefði verið leikinn í því að ná fram faglegri niðurstöðu í samstarfi þriggja dómara. Hann hefði gríðarlega yfirgripsmikla þekkingu á lögfræði og landsrétti og hefði síðan bætt við sig mikilli þekkingu á Evrópurétti. Hann væri rökfastur og hefði frábæra færni í að greina lögfræðileg vandamál og einfalda þau. Þá hefði hann góða félagslega færni og ætti auðvelt með að setja sig inn í málin bæði í þröngum skilningi og einnig í víðari samfélagslegum skilningi. Hann væri mjög skilvirkur í starfi og sýndi frumkvæði og sjálfstæði án þess að ryðjast yfir aðra. Umsagnaraðilar töldu sig ekki geta tilgreint neitt sérstakt sem Þorgeiri hefði ekki farist vel úr hendi.

Í 5. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Fram kom í umsögnum þeirra, sem tjáðu sig um umsækjendur, að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

*Um Benedikt.* Fram kom hjá Björgu Thorarensen að meðal sterkustu hliða Benedikts væru samstarfseiginleikar hans. Hann ætti mjög auðvelt með öll mannleg samskipti hvort heldur í starfi, við yfirmenn, undirmenn eða nemendur. Hann hefði þægilegt viðmót, væri léttur í skapi og sérlega góður í öllu samstarfi. Hann hefði þann eiginleika að gera lítið úr vandamálum eða kæmi með raunhæfar tillögur til að leysa þau, frekar en að magna þau upp og láta þau flækjast fyrir framvindu verka. Björg tók síðan fram að farið hefði mjög gott orð af störfum Benedikts sem kennara. Valtýr Sigurðsson fyrrverandi ríkissaksóknari tók fram að í 15 ára samstarfi við Benedikt í nokkrum kærunefndum hefði aldrei borið skugga á samstarf þeirra þótt iðulega hefði verið tekist á um úrlausnir mála. Hefðu góðir eiginleikar Benedikts í mannlegum samskiptum komið þar vel í ljós. Þá tók Valtýr fram að Benedikt hefði alla tíð verið mikils metinn í dómarastétt sem og í öðrum störfum. Björn Friðfinnsson fyrrverandi ráðuneytisstjóri kvað Benedikt vera léttan í skapi og skemmtilegan í daglegri umgengni.

*Um Eirík.* Viðar Már Matthíasson hæstaréttardómari upplýsti að Eiríkur ætti auðvelt með mannleg samskipti. Þannig hefði Eiríkur átt auðvelt með samskipti við nemendur og starfsfólk í lagadeild Háskóla Íslands svo og aðra stjórnendur skólans. Þá hafi farið gott orð af Eiríki í starfi hans við lagadeild Háskóla Íslands. Árni Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður tekur undir það að Eiríki lyndi vel við menn og sé tillitssamur. Þá væri Eiríkur hreinskiptinn við menn og af honum færi gott orð. Páll Skúlason prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands tók fram að Eiríkur væri lipur í samskiptum við samstarfsmenn og hlustaði vel á aðra. Af honum færi gott orð og hann hefði notið sín bæði sem deildarforseti og varaformaður háskólaráðs.

*Um Grétu.* Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari upplýsti að Gréta væri einstakt ljúfmenni í umgengni. Þá færi gott orð af henni og mætti þar einu gilda hvort horft væri til starfa hennar frá sjónarhóli samstarfsmanna eða þeirra sem sitja handan borðs. Hjördís Hákonardóttir fyrrverandi hæstaréttardómari tók fram að Gréta væri einstaklega ljúf manneskja og hefði góða nærveru og ætti auðvelt með mannleg samskipti. Af henni hafi farið gott orð bæði í starfi héraðsdómara og skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Undir þetta tók Friðgeir Björnsson fyrrverandi héraðsdómari og dómstjóri.

*Um Helga.* Fram kom hjá Ingibjörgu Benediktsdóttur hæstaréttardómara að Helgi væri góður í öllu samstarfi. Hann væri fastur fyrir og hvikaði ekki frá sannfæringu sinni nema sterk mótrök kæmu fram. Hann tæki hins vegar fullt tillit til skoðana annarra og íhugaði þær áður en hann tæki ákvörðun. Hann væri ákaflega þægilegur í allri umgengni og að mjög gott orð færi af honum. Hjördís Hákonardóttir fyrrverandi hæstaréttardómari tók fram að Helgi ætti auðvelt með samskipti, væri kurteis og vinsamlegur, hlustaði á rök, en væri ekki líklegur til þess að skipta um skoðun. Hún tók undir með Ingibjörgu að gott orð færi af honum. Friðgeir Björnsson fyrrverandi héraðsdómari og dómstjóri tók fram að sér vitanlega ætti Helgi auðvelt með mannleg samskipti og að gott orð hefði farið af honum.

*Um Sigríði.* Valtýr Sigurðsson fyrrverandi ríkissaksóknari og héraðsdómari tók fram að fyrir utan kynni hans af Sigríði í fjölskipuðum dómum hefði reynt á samskiptin í stjórn Dómarafélagsins. Á þeim árum þar sem hann var m.a. formaður, hefði komið mjög til kasta félagsins vegna aðskilnaðar framkvæmdavalds og dómsvalds í héraði sem og skiptingu félagsins af þeim sökum. Þetta hefðu verið mikil átök innan og utan stjórnar. Þar hefði Sigríður reynst traustur samstarfsmaður sem uppskorið hafi virðingu hans sem haldist hafi alla tíð síðan. Friðgeiri Björnssyni fyrrverandi héraðsdómara og dómstjóra og Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara og dómstjóra bar saman um að Sigríður ætti afskaplega auðvelt með að umgangast fólk, bæði samstarfsmenn og þá sem erindi ættu við dóminn og að gott orð færi af henni. Þá tók Friðgeir fram að hún væri fær dómari með ljúfa skapgerð og marga kosti sem dómara mega prýða.

*Um Þorgeir.* Fram kom hjá Sveinbirni Björnssyni, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, að Þorgeir ætti auðvelt með samstarf og samskipti og gildi það jafnt um þá sem væru honum sammála og við þá sem væru á öndverðum meiði. Þá hefði Þorgeir notið almennrar virðingar bæði í störfum við Háskóla Íslands og síðar sem ráðuneytisstjóri. Henrik Bull hæstaréttardómari við Hæstarétt Noregs tók fram að Þorgeir væri afar góður í samstarfi og hefði bæði vilja og getu til þess að hlusta á samstarfsmenn sína. Kristín Haraldsdóttir forstöðumaður Auðlindaréttarstofnunar sagði að Þorgeir ætti einstaklega auðvelt með mannleg samskipti og að gott orð hefði farið af honum í störfum hans.

### 5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölul. 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrir mælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin, bæði fljótt og af öryggi.

#### 5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Dómnefndin telur að þegar metið er hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu skipti einkum máli framlag viðkomandi í formi kennslu, fræðiritar og reynslu auk reynslu af almennum dómstörfum. Dómnefndin telur einnig eðlilegt að hafa hliðsjón af þekkingu umsækjenda af öðrum sviðum réttarfars.

Einn umsækjanda, *Eiríkur*, er hér í sérstöðu að mati dómnefndarinnar miðað við þessar forsendur. Hann hefur frá árinu 1995 haft umsjón með og kennt *Réttarfar I* (dómstólaskipan og almennt einkamálaréttarfar) og *Réttarfar II* (sakamálaréttarfar) í grunnnámi lagadeildar Háskóla Íslands og auk þess í kjörgreininni *Hlutverk dómara og lögmanna*. Þá hafði hann jafnframt þessu umsjón með kjörgreinunum *Fullnusturéttarfar* og *Skuldaskilaréttur*. Að auki hefur Eiríkur ritað fræðirit sem eru að meginhluta til eða eingöngu á sviði réttarfars og hafa haft mikla þýðingu á því sviði. Þetta eru ritin Réttlát málsmeðferð fyrir dómi, Þvingunarráðstafanir í þágu meðferðar sakamála, Meginreglur sakamálaréttarfars, Réttarstaða sakbornings og verjanda, Endurskoðun ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið (að hluta til), Dómar í sakamálaréttarfari og Rannsókn sakamála. Hefur þessara ritverka áður verið getið. Við þetta bætast svo fræðigreinar sem hér verða ekki taldar upp.

Umsækjandinn *Benedikt* hefur verið lektor í hlutastarfi og frá 2005 í hálfu starfi sem dósent við lagadeild HÍ. og kennt m.a. réttarfar í grunnnámi og í framhaldsnámi. Frá árinu 2003 hefur hann haft umsjón með kjörgreinum í fullnusturéttarfari og skuldaskilarétti. Hann hefur ritað nokkrar greinar á sviði réttarfars og verið starfandi héraðsdómari frá árinu 2001.

Umsækjandinn *Sigríður* hefur ritað 11 greinar á sviði réttarfars og verið dómarafulltrúi á árunum 1977 - 1984 en héraðsdómari eftir það.

Dómnefndin telur að aðrir umsækjendur hafi einkamála- og sakamálaréttafar á valdi sínu á grundvelli reynslu af dómaraströfum.

Miðað við þessar forsendur telur dómnefndin að Eiríkur standi hér fremst en telur ekki ástæðu til að gera upp á milli annarra umsækjenda að þessu leyti.

*5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli.*

Í 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er að finna ákvæði um samningu dóma. Þar segir í d.-f. liðum 1. mgr. að greina skuli í forsendum stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því, helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á og rökstudda niðurstöðu um sönnunatriði og lagaatriði. Í 3. mgr. sömu greinar er síðan sagt að dómur skuli vera stuttur og glöggur. Ákvæði 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála eru svipuð að þessu leyti. Þá er og ljóst að þingmálið er íslenska og því leiðir krafa um að dómur geti ritað dóma á góðri íslensku.

Dómnefndin telur mikilvægt að þær meginreglur sem fyrrgreind ákvæði endurspeglu séu hafðar í heiðri við samningu dóma og að dómaraefni til embættis hæstaréttardómara hafi þær vel á valdi sínu. Er einkum nauðsynlegt að málsástæðum og lagarökum aðila séu gerð skil og að fram fari skýr og gagnorð greining á sönnunatriðum og lagaatriðum hvers máls. Að mati dómnefndarinnar leiðir einnig af fyrrgreindum lagaákvæðum að dómari skal setja fram röksemdir sínar með hlutlægum hætti og forðast stóryrði og athugasemdir sem ekki hafa þýðingu fyrir úrslit þess sakarefnis sem til úrlausnar er. Sé rétt á þessu haldið telst það mikilsverð vísbending um góða hæfni til að sinna dómaraströfum. Verða þessi sjónarmið lögð hér til grundvallar.

Dómnefndin hefur valið þá aðferð að fara yfir alla þá dóma sem umsækjendur (aðrir en Þorgeir og Eiríkur sem fjallað verður um síðar) lögðu sjálfir fram með hliðsjón af fyrrgreindum meginreglum. Að auki hefur verið farið yfir þrjá dóma



fyrirgreindra umsækjenda sem valdir hafa verið af handahófi og skotið hefur verið til Hæstaréttar og hlotið úrlausn þar.

Það er niðurstaða dómnefndarinnar miðað við þessa yfirferð og forsendur að umsækjendurnir Benedikt, Greta, Helgi og Sigríður standi jafnt að vígi að því er varðar hæfni við samningu dóma.

Umsækjandinn Eiríkur hefur ekki stundað dómstörf að neinu marki og því verður ekki lagt sama mat á hann að þessu leyti. Dómnefndin telur hins vegar, þegar haft er í huga fræðilegt framlag hans til réttarfars og störf hans að öðru leyti, að það sé hafið yfir vafa að hann fullnægi þeim kröfum sem hér eru gerðar.

Umsækjandinn Þorgeir hefur síðustu árin verið dómari við dómstól EFTA en þar er dómsformaður Carl Baudenbacher. Dómnefndinni eru kunnir dómar dómstólsins og jafnframt að Þorgeir hefur verið framsögumaður þar. Þegar til þessa er litið og jafnframt tekið tillit til framlags Þorgeirs á sviði lögfræði telur dómnefndin hafið yfir vafa að Þorgeir fullnægi þeim kröfum sem hér eru gerðar.

*5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum er fengin bæði fljótt og af öryggi.*

Dómnefndin telur að ályktun um þessi atriði verði dregin út frá þeim dómarastörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa innt af hendi á liðnum árum og nánar er gerð grein fyrir í kafla 4. Niðurstaða nefndarinnar er sú að allir umsækjendur séu hæfir til þess að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og að afgreiða þau mál sem þeim eru fengin bæði fljótt og af öryggi. Telur dómnefndin að ekki sé tilefni til að gera mun á umsækjendum að þessu leyti.

## **6. Niðurstaða dómnefndar**

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefndinni ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna að fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hæfasta og

besta lögfræðinginn sem sótt hefur um til að gegna starfi dómara við Hæstarétt Íslands. Niðurstaða dómnefndarinnar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda í ljósi þessara sjónarmiða og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera bæði almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Farsæl starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar getur þó gefið mikilsverðar vísbendingar í því efni en þar koma þó önnur atriði einnig til álitu, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu. Dómnefnd hefur í mati sínu á hæfni umsækjenda, rétt eins og í fyrra dómnefndarálitu sínu frá 31. ágúst 2010, gætt þess að fara ekki út í alltof nákvæmt mat þar sem afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölbreyttur og margbrotinn.

Mat dómnefndar er byggð á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1. – 5.9.

Það er niðurstaða dómnefndar að Eiríkur Tómasson og Þorgeir Örlygsson standi fremstir umsækjenda. Það er mat dómnefndar að í lögfræðilegum störfum sínum hafi þeir sýnt mikla þekkingu og færni. Skal hér einnig nefnt að þeir hafa báðir verið mikilvirkir á sviði vísindalegra rannsókna í lögfræði og ritað bækur sem teljast til grundvallarrita í íslenskri lögfræði. Framlag þeirra á því sviði telst því verulegt. Af þeim sökum teljast þeir að álitu dómnefndarinnar hæfastir til að skipa embætti Hæstaréttardómara. Hins vegar þykja ekki efni til að greina á milli hæfni þeirra að þessu leyti.

Næstir í röðinni koma Benedikt Bogason, Gréta Baldursdóttur, Helgi I. Jónsson og Sigríður Ingvarsdóttir. Gréta, Helgi og Sigríður eru með afar langa dómaraareynslu þannig að þegar lögð er saman reynsla þeirra sem dómarafulltrúa og héraðsdómara er Sigríður með 34 ár, Helgi 31 ár og Gréta 30 ár. Benedikt hefur skemmri dómaraareynslu eða 15 ár auk þess sem hann var aðstoðarmaður hæstaréttardómara í 2 ár. Hann hefur hins vegar umtalsverða reynslu af stjórnsýslu, samningu lagafrumvarpa, rannsóknum og fræðiskrifum umfram þau Grétu, Helga og Sigríði, sem vegur hér upp á móti. Þessir umsækjendur hafa allir verið farsælir í starfi eftir því sem best verður séð og sýnt að þeir eru góðir lögfræðingar. Þá hafa þeir góð tök á samningu dóma og öðrum þáttum dómara starfsins. Það er niðurstaða


dómnefndar að ekki séu efni til að gera upp á milli Benedikts, Grétu, Helga og Sigríðar.

*Ályktarorð:*

Með vísan til 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, er það niðurstaða dómnefndar að Eiríkur Tómasson og Þorgeir Örlygsson séu hæfastir til að hljóta embætti hæstaréttardómara sem auglýst voru laus til umsóknar 18. febrúar 2011 í Lögbirtingablaði. Ekki þykja efni til að greina á milli hæfni Eiríks og Þorgeirs að þessu leyti. Á eftir þeim koma síðan Benedikt Bogason, Gréta Baldursdóttur, Helgi I. Jónsson og Sigríður Ingvarsdóttir. Ekki þykja heldur efni til að greina á milli hæfni síðastnefndra fjögurra umsækjenda.

Reykjavík, 27. apríl 2011.

  
Páll Hreinsson

  
Allan V. Magnússon

  
Brynjar Níelsson

  
Guðrún Agnarsdóttir

  
Stefan Már Stefánsson